



Gleði og gaman á Downs-deginum



STUNDUM ER BETRA AÐ LEIGJA BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

56. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FRÍÐJUDAGUR 21. MARS 2023




Þótt hraunflæðinu sé löngu lokið í Merardölum heldur ferðamannaflaumurinn áfram þremur árum eftir að gos hófst við Fagradalsfjall. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTIR 8



Íraksstríðið tuttugu ára

LÍFIÐ 26



Veðbankar í ruglinu

ÍPRÓTTIR 16



Þarf að finna réttu blönduna

Hjartaaðgerðir standast prófið

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta eru afgerandi niðurstöður,“ segir Tómas Andri Axelsson um niðurstöður doktorsritgerðar sinnar. Þar segir að hjartaaðgerðir á Íslandi standist erlendan samanburð til lengri tíma. Þar fer Tómas Andri yfir árangur kransæðaveituaðgerða sem er algengasta hjartaskurðaðgerðin á Íslandi.

Hátt í fjórutíu ár eru síðan fyrsta opna hjartaaðgerðin var gerð hér á landi en hún markaði tímamót fyrir lækniþjónustu Íslendinga. **SJÁ SIÐU 6**



Tómas Andri Axelsson, doktor í læknavísindum

Álagning verktaka á íbúðir á Íslandi sögð í methæðum

Verktakar hafa tvöfaldað hverja krónu í kostnaði við nýbyggingar. Okur er afstætt hugtak að sögn hagfræðings.

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Fasteignaverð á Íslandi hefur hækkað um rúmlega 100 prósent að raunvirði á einum áratug. Það er 60 prósentum meiri hækkun en meðaltal OECD-landanna. Álagning á byggingarkostnað nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu er í methæðum.

Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM, segir að fasteignaverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hafi aldrei mælst hærra í hlutfalli við laun en á fjórða ársfjórðungi ársins



Þetta kemur fram í mikilli umframarðsemi í byggingariðnaði.



Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM

2022. Verð 120 fermetra íbúðar á höfuðborgarsvæðinu jafngildi nú rúmlega 13 árstekjum einstaklinga að meðaltali.

Fermetraverð í sölu nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu var rúmlega 830 þúsund krónur á fjórða ársfjórðungi ársins 2022. Meðalálagning á seldar íbúðir í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2022 var rúmlega 100 prósent samanborið við rúmlega 50 prósent fyrir nokkrum árum.

„Þetta kemur fram í mikilli umframarðsemi í byggingariðnaði,“ segir Vilhjálmur.

„Þetta er markaðsverð, þannig að það hafa fundist kaupendur,“ svarar hann spurður hvort álagningin beri keim af okri. **SJÁ SIÐU 4**



Þú færð FRÉTTABLAÐIÐ á yfir 250 stöðum á landsvísu

Kynntu þér dreifinguna á www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing



Margir olíublautir fuglar hafa fundist að undanfögnu við Vestmannaeyjar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flak á hafsbotni lekur líklega olíu

benediktboas@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Hafrannsóknastofnun hefur reynt að finna olíuleka við suðurströnd landsins að beiðni Umhverfisstofnunar. Ástæðan var talsverður fjöldi olíublautra fugla.

Greining var gerð á reki olíu við suðurströndina á tímabilinu 2020-2022. Samkvæmt tilkynningu



Notuð voru tölvulíkon til að greina rek olíu-agna á yfirborðinu.

reyndist ekki mögulegt að segja nákvæmlega til um hvaðan mengunin kæmi en líklegt er að um sé að ræða olíu sem lekur úr skipsflaki á hafsbotni.

Niðurstöður greiningarinnar benda til þess að mestar líkur séu á að uppruni mengunarinnar sé á hafsvæði innan við 12 sjómílar austan eða suðaustan við Vestmannaeyjar. ■

Göppingen undirbýr sig fyrir Val



Þýska úrvalsdeildarliðið Göppingen æfði stíft í gær þar sem undirbúningur fór fram fyrir leikinn gegn Valsmönnum í kvöld. Valsliðið hefur komið mörgum stórlíðum á óvart en Göppingen verður að teljast erfiður andstæðingur þrátt fyrir að það sé í fjórtánda sæti í þýsku úrvalsdeildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjórtán þúsund á Ísafirði á sama degi

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSAFJÖRÐUR. „Auðvitað verður þetta álag á innviði sveitarfélagsins, en það verða ekki þrettán þúsund manns í miðbænum,“ segir Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, spurð út í fyrirhugaða komu allt að 13.700 ferðamanna til Ísafjarðar þann 7. júlí næstkomandi.

Á síðasta fundi bæjarstjórnar var tekin fyrir fundargerð hafnarstjórnar þar sem ræddur var möguleikinn á að setja hámarksfjölda farþega úr skemmtiferðaskipum á einum degi. 7. júlí í sumar er gert ráð fyrir skipunum Star Legend, Norwegian Prima, Azamara Journey, Zuiderdam og hinu gríðarstóra MSC Grandiosa í höfn. Þessi skip taka samtals 13.643 farþega og hafa 4.500 í áhöfn.

„Við getum ekki farið yfir þolmörk íbúa. Það þarf að koma í veg



Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

fyrir að ofbjóða fólki og finna einhvern jafnvægispunkt. Þó að við séum miklir gestgjafar og finnst gaman að fá fólk í bæinn,“ segir Arna og bætir við að atvinnustarfsemi í höfninni þurfi einnig svigrúm.

„Það er hætt við því að það verði allt fullt af fólki, en það má ekki gleyma því að flestir af þessum farþegum dreifast vel. Það eru tvískiptar ferðir allan daginn, fyrir og eftir hádegi, og það er verið að keyra fólk út um allt,“ segir Arna Lára. ■

Lengsta fasta veraldar sé hvorki erfið né hættuleg

Íslenskir múslimar hafa lengstu ramadan-föstu heims en veðráttan er óvæntur bandamaður. Formaður Stofnunar múslima segir föstuna ekki hættulega.

kristinnhaukur@frettabladid.is

TRÚMÁL Formaður Stofnunar múslima á Íslandi segir föstuna á ramadan ekki leggjast þyngra á múslima hér þó að hún sé sú lengsta í heimi. Það er nærri 17 klukkutímar á dag. Veðráttan sé með þeim í liði.

„Þetta er ekki erfitt,“ segir formaðurinn, Karim Askari. „Ástæðan er sú að veðrið hérna á Íslandi er svo svalt. Viðast hvar þar sem múslimar búa er 40 stiga hiti en hérna er mínus 1 eða 2 gráður. Þess vegna er þetta létt,“ segir hann.

Ramadan, hinn helgi mánuður múslima, hefst annað kvöld þann 22. mars og lýkur að kvöldi föstudagsins 21. apríl. Á þeim tíma mega múslimar ekki borða, drekka, stunda kynlíf eða aðrar líkamlegar nautnir frá sólarupprás til sólseturs. Vegna legu landsins er fastan lengst á Íslandi af þeim stöðum þar sem múslimar eru með mosku, eða 16 klukkutímar og 50 mínútur. Ramadan er þó fyrr á árinu en á undanfögnu árum og því bærligri að sögn Karims.

Karim segir mikilvægt að undirbúa sig vel fyrir föstuna. „Það skiptir ekki síður máli að vera vel undirbúin andlega en líkamlega á þessum helga mánuði,“ segir hann. „Við erum með fleiri bænastundir og það skiptir máli að huga að öllu.“

Samkvæmt Karim er fastan til-mæli sem guð ætlast til að múslimar fylgi. „Ef við neitum okkur ekki um neitt allt árið um kring getum við



Frá ramadan hjá Félagi múslima árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fólk er farið að nota föstu sem megrunarkúra.



Karim Askari, formaður Stofnunar múslima á Íslandi

ekki fundið samkennd með þeim sem búa við skort,“ segir hann. Tilgangurinn sé að stórum hluta að fólk geti fundið til með fólki sem býr við hungur, svo dæmi sé tekið.

„Reglurnar eru þær sömu alls staðar í heiminum,“ segir Karim um hvort fastan sé algild. Hins vegar eru það aðeins fullorðnir sem fasta. Þá eru undanþágur fyrir veikt fólk og fatlað, sem og konur sem eru á bláðingum eða barnshafandi.

„Fastan er ekki hættuleg,“ segir Karim. „Þvert á móti þá er hún góð fyrir heilsuna. Fólk er farið að nota föstu sem megrunarkúra,“ segir hann.

Stofnun múslima, sem rekur stór-moskuna í Ýmishúsinu, er annað tveggja félaga múslima á Íslandi og eru 415 í félaginu. Hitt er Félag múslima á Íslandi sem telur 456 manns og er með mosku í Ármúla. Þriðja félagið, Menningarsetur múslima á Íslandi, var lagt niður árið 2021 en eftir það fjölgaði mikið í Stofnun múslima. ■

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Embla hrinborð 120 cm og 140 cm reykt eik og nature eik.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar

22. mars kl. 13:00-16:00 í Kaldalóni, Hörpu.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið í samstarfi við Ferðamálastofu og Samtök ferðaþjónustunnar standa fyrir ráðstefnu um þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar miðvikudaginn 22. mars kl. 13:00-16:00 í Kaldalóni, Hörpu.

Dagskrá



13:05 — *Ávarp*

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ferðamálaráðherra



13:20 — *Gullnáma eða fátækragildra?*

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri



13:45 — *Trends in Tourism – Value of the Tourism Industry*

Jane Stacey, Head of Tourism Unit at OECD



14:05 — *Slípum demantinn og hönnum okkar framtíð*

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins

14:20 — *Kaffihlé*



14:40 — *Áhrif ferðaþjónustu á nærsamfélög um land allt*

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

15:00 — *Pallborðsumræður – Verðmætin í ferðaþjónustunni*



Stjórnandi: Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans



» Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka



» Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF



» Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri



» Svanbjörn Thoroddsen, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs KPMG



» Sýlvía Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu- og markaðssviðs Icelandair



Fundarstjóri er Nadine Guðrún Yaghi, forstöðumaður samskipta og þjónustusviðs Play

Telur afnám húsmæðraorlofs rökrétt skref í þróun samfélags

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Þrjú þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp um að afnema rétt kvenna til húsmæðraorlofs. Samkvæmt Vilhjálmi Árnasyni, fyrsta flutningsmanni, stenst orlofið ekki jafnréttislag.

„Þetta er rökrétt næsta skref í þróun samfélagsins okkar,“ segir Vilhjálmur. Árangur hafi náðst í jafnréttismálum og mikið af þeim húsmæðrum sem sinna heimilishaldi í dag eigi réttindi annars

staðar frá. Þá snúist málið að stórum hluta um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, sem eru skikkuð til að greiða orlofið. „Þau hafa ekkert um þetta að segja, að þau styrki hluta íbúanna en ekki alla,“ segir Vilhjálmur.

Reglur um húsmæðraorlof voru settar fyrir rúmum sextíu árum og var ætlað að bæta heimavinnandi húsmæðrum upp orlofsleysi og tryggja að þær fengu hvíld. Þær sveitarfélögum að greiða í orlofsjóði til að niðurgreiða ferðir fyrir húsmæður sem orlofsnefndir bjóða



Þetta eru konur sem urðu að vera heima hjá sér hálfan daginn vegna ákvarðana stjórnvalda.

Hildur Helga Gísladóttir, hjá Orlofsnefnd Hafnarfjarðar

upp á. Húsmæðraorlof hefur valdið titringi á undanförunum árum. Sum sveitarfélög hafa mótmælt orlofinu og Garðabær lenti í lagaprættum við sinn orlofsjóð. Árið 2012 kærði karlmaður, sem vildi fara í húsmæðraferð til Slóveníu, orlofsnefnd fyrir Kærunefnd jafnréttismála en tapaði.

Hildur Helga Gísladóttir, hjá Orlofsnefnd Hafnarfjarðar, segir algerlega ótímabært að afnema húsmæðraorlofið. „Konurnar eru enn þá á lífi og eru að nýta þetta orlof,“ segir hún. „Þetta eru konur

sem urðu að vera heima hjá sér hálfan daginn vegna ákvarðana stjórnvalda.“ Uppbygging leikskóla hafi heldur ekki gengið nógu hratt en sjálf sat Hildur í leikskólanevnd Hafnarfjarðar á sínum tíma. „Við þurftum að fara í heimgreiðslur sem er ómurlegt og bindur konur heima,“ segir hún en þetta fyrirkomulag er nú að koma til baka. „Húsmæðraorlofið gefur þeim tækifæri til að ferðast á ódýran hátt. Það munar um niðurgreiðslurnar fyrir þessar konur. Þetta er kannski eina friið sem þær fá.“ ■



Dæmt var í málinu á föstudaginn en dómurinn gerður skilorðsbundinn vegna óhóflegs dráttar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fékk fimmtán mánaða fangelsi fyrir nauðgun

thorgrimur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Landsréttur dæmdi á föstudaginn karlmann í fimmtán mánaða skilorðsbundið fangelsi vegna nauðgunar. Var maðurinn jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu miskabætur að fjárhæð 1.800.000 krónur.

Maðurinn hafði verið ákærður fyrir að hafa tvívegis nýtt sér yfirburði og aðstöðumun til að eiga kynferðismök við einstakling með þroskahömlun, fyrst í vinnubíreið og síðan á heimili sínu. Héraðsdómur hafði sýknað hann af fyrra brotinu en sákfellt að hluta til fyrir hið seinna. Var sá dómur staðfestur af Landsrétti, sem taldi ákærvaldið ekki hafa axlað sönnunarbýrði um að maðurinn hefði haft ásetning til nauðgunar og að verknaðurinn væri þar með saknæmur.

Fangelsisdómurinn var gerður skilorðsbundinn vegna óhóflegs dráttar á málinu sem ekki hefði fengið skýrður. ■

Lækkun fasteignaverðs óhjákvæmileg

Ósjálfbær hækkun íbúðaverðs er staðreynd, tekjur ráða ekki við íbúðakostnað að sögn hagfræðings BHM.

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Fasteignaverð á Íslandi hefur tvöfaldast að raunvirði á síðustu tíu árum. Álagning á byggingarkostnað nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu er í hæstu hæðum og hefur stökkbreyst á skömmum tíma.

Hækkun byggingarkostnaðar nýbygginga hefur skapað mikla arðsemi hjá verktökum. Þáttur hækkunar í byggingarkostnaði kann að vera vanmetinn sem ein skýring þess hve margir íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa lent í ögöngum á húsnæðismarkaði.

Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM, segir að tvöföldun fasteignaverðs sé mesta hækkun í samanburði 41 OECD-lands. Hækkunin sé tæpum 60 prósentum meiri en meðaltal OECD.

Þá hefur fasteignaverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu aldrei mælt hærra í hlutfalli við laun en á fjórða ársfjórðungi ársins 2022. Verð 120 fermetra íbúðar á höfuðborgarsvæðinu jafngildir nú rúmlega 13 árstekjum einstaklinga að meðaltali. Vilhjálmur segir þessi hlutföll ósjálfbær til framtíðar. Hann spáir lækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

Fermetraverð í sölu nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu var rúmlega 830 þúsund krónur á fjórða ársfjórðungi ársins 2022. Meðalálagning á seldar íbúðir í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2022 var rúmlega 100 prósent samanborið við rúmlega 50 prósent fyrir nokkrum árum, 2018. Byggingar-



Fasteignamat í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei mælt hærra í hlutfalli við laun en á fjórða ársfjórðungi ársins 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Verðið er orðið svo hátt og kaupmáttur á svo mikið undir húsnæði að það er ekki fyrir alla að vera á fasteignamarkaði.



Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM

verktakar hafa tvöfaldað hverja krónu miðað við söluverð íbúða í lok árs 2022.

Vilhjálmur hefur tekið ofangreindar staðreyndir saman um húsnæðismál og birt á vef BHM. Í samtali við Fréttablaðið segir Vilhjálmur að nýjar íbúðir í fjölbýli hafi hækkað langt umfram byggingarvitölu. Það skili sér í stórbætti framlegð í byggingariðnaði.

„Þetta segir okkur fyrst og fremst að hagsveiflan hefur komið mjög öfgakennt út í byggingariðnaði,“ segir Vilhjálmur í samtali við Fréttablaðið. „Það var mikill skortur á íbúðarhúsnæði eftir hrúnið, svo tekur við mikill hagvöxtur og vinnuafslrekur. Þetta kemur fram í mikilli umframárðsemi í byggingariðnaði.“

„Okur er afstætt,“ segir Vilhjál-

ur. „Þetta er markaðsverð þannig að það hafa fundist kaupendur,“ svarar hann spurður hvort álagningin beri keim af okri og græðgi. „En það er ljóst að verðið er orðið svo hátt og kaupmáttur á svo mikið undir húsnæði að það er ekki fyrir alla að vera á fasteignamarkaði.“

Um hagvöxtinn hér á landi undanfarið segir Vilhjálmur að ef folksfjöldun sé dregin frá hagvextinum sé hagvöxtur mun minni hér en í nágrannalöndunum.

„Hagvöxturinn er dreginn áfram af folksfjölgun,“ segir hann.

Þá sé umhugsunarefni að hagsveiflan hafi verið borin uppi af ferðapjónustunni þar sem laun í greininni séu að jafnaði ekki há.

„Það er spurning hvort það sé sjálfbært að byggja hagvöxt á svo vinnuafslrekri atvinnugrein.“ ■

Minni líkur á mikilli vaxtahækkun

olafur@frettabladid.is

FJÁRMÁLAMARKAÐIR Hlutabréfamarkaðir tóku dýfu í gærmorgun, eftir að UBS yfirtók Credit Suisse á sunnudagskvöld.

Fljótlega róuðust markaðir þó og flestir bankar og fjárfestingabankar hækkuðu í verði í gær. Í bili lítur því út fyrir að aðgerðin hafi heppnast, en svissnesk yfirvöld og seðlabanki landsins lögðu ofuráherslu á að gengið yrði frá yfirtökunni fyrir opnun markaða eftir helgina.

Enn er þó vart taugatitringis hjá markaðsaðilum og spurningarnar sem hanga í loftinu eru þrjár:

Hafa yfirvöld gert nóg til að afstýra kerfiskrisu?

Hvað getur farið úrskeiðis í framhaldinu?

Hvaða áhrif mun þetta hafa á peningastefnu hjá seðlabönkum?

Enn er nokkur titringur á fjár-



Spenna er nú á fjármálamörkuðum vegna vaxtaákvörðunar bandaríska seðlabankans á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

málamörkuðum vestanhafs, en segja má að hremmingar Credit Suisse nú megi rekja til falls Silicon Valley Bank í Kaliforníu fyrir tíu

dögum þótt vandi bankans sé mun djúpstæðari og eigi sér lengri sögu.

Talad er um að óbókfært tap af lánasöfnum bandarískra banka nemi um 600 milljörðum Bandaríkjadala. Þetta tap er hins vegar ekki vegna greiðsluvandræða greiðenda, ekki enn sem komið er í það minnsta, heldur vegna þess að verðmæti lánasafnanna hefur rýrnað í vaxtahækkunarferli því sem nú stendur yfir. Aukist vanskil í kjölfarið getur staðan versnað hratt.

Nú beinast allra augu að bandaríska seðlabankanum. Í gær mátu markaðir 70 prósent líkur á að vextir hækki um 0,25 prósent á morgun en áður en núverandi órói færðist yfir markaði voru taldar meira en helmingslíkur á að vextir yrðu hækkaðir um 0,5 prósent. Við núverandi aðstæður geta vaxtahækkunarir aukid enn á vanda bandaríska fjármálakerfisins. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á kver.is. Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Páskaegginn frá Nóa Síríus eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!



Löghlýðnir kynsegin einstaklingar

benediktboas@frettabladid.is

FANGELSISMÁL Enginn kynsegin einstaklingur hefur afplánað refsingu í fangelsi á Íslandi. Þetta kemur fram í svari Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánsyni, þingmanni Pírata, um kynsegin fólk í fangelsum.

Hvorki eru til, né hafa verið útbúnir, sérstakir verkferlar er varða móttöku kynsegin einstaklinga í fangelsum landsins, segir enn fremur í svari. Þó hafa verið gerðar tiltekna breytingar á lögum um fullnustu refsinga sem varða þetta málefni og eru þær mikilvægur leiðarvisir fyrir fangelsismálayfirvöld. Nýverið fengu allir starfsmenn skrifstofu Fangelsismálastofnunar



Allir fangar hefja afplánun sína í fangelsinu á Hólmsheiði, óháð kyni.

og starfsmenn fangelsanna fræðslu frá Samtökunum '78 þar sem fjallað var um málefni kynsegin fólks. Fangelsismálastofnun fékk leyfi til að hafa samband við Samtökin ef upp kæmu álitamál tengd afplánun kynsegin einstaklinga til að unnt sé að gæta sem best að hagsmunum þeirra í afplánun. ■



Umhverfismat framkvæmda Ákvörðun um matsskyldu

Stækkun Seyðisfjarðarhafnar, Múlapingi og Endurnýjun vindmylla í Þykkvabæ, Rangárpingi ytra

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreindar framkvæmdir skuli ekki háðar umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvarðanirnar er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 21. apríl 2023.



FUNDARBOÐ AÐALFUNDAR LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA 2023

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga verður haldinn
21. og 22. apríl 2023, að Landhótelu í Landsveit,
og hefst dagskrá kl. 11:30 föstudaginn 21. apríl.

Þátttaka á aðalfundi

Óskað er eftir því að aðildarfélög sendi framkvæmdastjóra Landssambandsins tilkynningu um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en 7. apríl nk. Vinsamlegast sendið tilkynninguna á netfangið gunnar@angling.is.

Nánari upplýsingar um dagskrá og þátttöku á fundinum er að finna á vef Landssambandsins á www.angling.is.

Dagskrá

Föstudagur 21. apríl kl. 11:30-16:45

- Hádegisverður.
- Setning fundar um kl. 12:30.
- Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- Kosning kjörbréfanefndar.
- Ávörp gesta.
- Ávarp formanns og skýrsla stjórnar LV.
- Ársreikningur 2022 lagður fram til staðfestingar.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Umræður um skýrslu formanns og afgreiðsla reikninga.
- Erindi gestafyrirlesara.
- Skipan starfsnefnda aðalfundar.
- Drög að ályktunum fundarins kynnt og þeim vísað til nefnda.
- Tillögur aðildarfélaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykktar LV.
- Fundi frestað, nefndarstörf.

Laugardagur 22. apríl kl. 10:00-12:00

- Nefndir skila álitu. Umræður.
- Ályktanir afgreiddar.
- Stjórnarkjör. Kjör stjórnarmanna frá Vestur- og Austurlandi.
- Kjör skoðunarmanna reikninga. Aðalmaður og varamaður til tveggja ára.
- Önnur mál.
- Fundi slitið.



Tómas Guðbjartsson man vel eftir fyrstu hjartaaðgerðinni á Íslandi. „Hún var gerð í skjóli nætur, svo lítið bar á, og það var ekki sagt frá henni fyrr en ljóst var hvernig sjúklingnum reiddi af.“

MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

Hjartaaðgerðir hér á landi hafa staðist prófraunina

Það reyndist happaskref að hefja hjartaaðgerðir á Íslandi fyrir tæpum 40 árum. Andstaða var við áformin af ötta við að íslenskir spítalar réðu ekki við svo flóknar aðgerðir. Ný rannsókn sýnir að sá ötti var óþarfur.

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Hjartaaðgerðir á Íslandi standast fyllilega erlendan samanburð hvað árangur varðar til lengri tíma lítið.

Þetta er meginúrstæðan í doktorsritgerð Tómasar Andra Axelssonar sem hann varði við lækna-deild Háskóla Íslands í síðustu viku, en hún fjallar um árangur kransæðaveituaðgerða sem er algengasta hjartaskurðaðgerðin á Íslandi.

„Þetta eru afgerandi niðurstöður,“ segir Tómas Andri, „bæði hvað bráðaaðgerðir varðar og aðrar hjartaaðgerðir,“ bætir hann við, en lífslíkur sjúklinga hér á landi séu þær sömu og í samanburðarlöndunum og það sama eigi við um tíðni fylgikvilla eftir uppskurð.

Hátt í fjörutíu ár eru frá því fyrsta opna hjartaaðgerðin var gerð hér á landi, en hún var framkvæmd á Landspítalanum 16. júní 1986 og markaði kaflaskil í lækniþjónustu hjá fámennri þjóð sem þá taldi aðeins 242 þúsund sálir.

„Það var mikið happaskref þegar þessar aðgerðir hófust hérlendis,“



Þetta eru afgerandi niðurstöður, bæði hvað bráðaaðgerðir varðar og aðrar hjartaaðgerðir.



Tómas Andri Axelsson, doktor í lækna- vísindum

segir Tómas Guðbjartsson, hjartaaðgerðir og lungnaskurðlæknir, sem var í lækniámi á þessum tíma, en hann var leiðbeinandi Tómasar Andra í doktorsverkefninu.

Tómas man vel eftir fyrstu hjartaaðgerðinni. „Hún var gerð í skjóli nætur, svo lítið bar á, og það var ekki sagt frá henni fyrr en ljóst var hvernig sjúklingnum reiddi af,“ segir Tómas.

Ástæða þessa var að talsverð andstaða var á miðjum níunda áratug síðustu aldar við þá ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að hefja hjartaaðgerðir hér á landi.

„Það voru stjórnmálamaður sem guldu varhug við þessum áformum, en þeir höfðu ekki trú á því að læknavísindin hér á landi réðu við svona flóknar aðgerðir,“ segir Tómas.

En annað hefur komið á daginn. Frá því 1986 hafa liðlega fjögur þúsund hjáveituaðgerðir verið gerðar hér á landi og næstum annað eins af öðrum hjartaaðgerðum, með árangri sem er á pari við það sem best þekkt á erlendum háteknispítölum, eins og doktorsrannsókn Tómasar Andra vitnar um.

„Það er alls ekki sjálfgefið að geta boðið upp á þessa lækniþjónustu í samfélagi sem enn er með þeim allra fámennustu í álfunni,“ segir Tómas Guðbjartsson og bendir á að Færeyingar og Grænlandingar verði, svo dæmi sé tekið, að sækja slíka þjónustu til Kaupmannahafnar.

„Það eru margir sjúklingar sem lifa ekki slíkan flutning af,“ segir Tómas.

Nafni hans segir þá félag hafa unnið að rannsókninni með hléum í réttan áratug. „Í doktorsverkefninu hafa ýmsar hindranir verið á vegi okkar, eins og heimsfaraldurinn og á stundum snúnir samstarfsaðilar erlendis, en þetta hafðist,“ segir Tómas Andri Axelsson. ■

Karamelluregni úr flugvélum linnir

kristinnpall@frettabladid.is

ÍSÁFJÖRÐUR Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti tillögu um að segja upp samningi við Flugáhugamannafélagið á Ísafirði, um styrk að fjárhæð fasteignagjalda hvers árs á flugskýli á Ísafjarðarflugvelli á nýjasta fundi sínum.

Flugáhugamannafélagið stóð um árábil fyrir uppákomum á vegum sveitarfélagsins sem kröfðust notkunar litilla flugvéla en eftir að menningarmálanefnd tók fyrir notkun flugvéla við karamelluregn á hátíðum var ekki talin þörf fyrir áframhaldandi samstarf.



Í bókuninni kemur fram að umrætt félag virðist hafa verið afskráð í bókum Ríkisskattstjóra árið 2007.

Samkomulagið hefur verið í gildi í 27 ár en á nýjasta fundi menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar kom fram að óánægja ríkti með notkun flugvéla á skiðavíkuvíðburðum og 17. júní. Óútreiknanlegt vedurfar hafi leitt til þess að breytingar hafi átt sér stað á síðustu stundu með tilheyrandi óánægju hjá börnum.

Þá hafi verið horft til þess að ákveðin hætta fylgi því að fljúga litilli flugvél lágt yfir byggð og mannfjölda.

Starfsfólk hefur leitað annarra leiða til að viðhalda hefðinni og skoðað möguleikann á að kaupa konfettisprengju eða -byssu. ■

Bless skóhrúgur – halló snyrtileg forstofa

Nýtt

BISSA skóskápar
B49×D28, H135 cm

9.950,-/stk.



Verzlun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

ÍRAKSSTRÍÐIÐ

Blóðugt stríð sem hófst með lygum

Tuttugu árum eftir innrásina í Írak liggja hundruð þúsunda hermanna og saklausra borgara í valnum. Davíð Oddsson tók einhliða ákvörðun fyrir hönd íslensku þjóðarinnar um að styðja við stríð sem skildi Írak eftir sem rjúkandi rúst.

helgisteinar@frettabladid.is

Í gær voru liðin tuttugu ár frá því að bandalag viljugra þjóða undir forystu Bandaríkjamanna og Bretar réðst inn í Írak. Stríðið hófst aðfaranótt 20. mars 2003 og lauk ekki fyrr en 18. desember 2011 þegar bandarískar hersveitir yfirgáfu landið.

Helstu rökinn fyrir innrásinni voru þau að Saddam Hussein, forseti Íraks, væri að koma sér upp geryðingarpöllum og langdrægum eldflaugum. Eftir hryðjuverka-árasina 11. september 2001 sagði George Bush Bandaríkjaforseti að afvopnun Íraka væri forgangsatriði til að sporna gegn stuðningi þeirra við hryðjuverkasamtök á borð við al-Kaída.

Aðdraganda innrásarinnar má rekja til loka Persaflóastríðsins árið 1991. Á þeim tíma var Írökum gert að sæta eftirliti alþjóðastofnana um vopnaframleiðslu en Saddam Hussein var sakaður um að standa ekki við sína hlið samkomulagsins. Honum var veittur 30 daga frestur til að greina frá öllum kjarnavopnum og öðrum geryðingarpöllum.

Colin Powell, utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna, fór þann 5. febrúar 2003 með göng til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að sannfæra bæði Bandaríkjamann og heimsbyggðina um að vopnaeftirlit hefði ekki dugað til. Sá tími væri runninn upp að beita þyrfti herafli gegn Íraksforseta.

Ræða Powell bar árangur og þann 20. mars 2003 hélt George W. Bush Bandaríkjaforseti sjónvarpsávarp þar sem hann greindi frá því að bandarískar hersveitir og bandalagsþjóðir væru í þeim töluðu orðum að hefja fyrstu hernaðaraðgerðirnar gegn Írökum.



Davíð Oddsson og George W. Bush Bandaríkjaforseti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bandalagsþjóðirnar voru 49 þegar mest var og voru Íslendingar meðal annars á þeim lista.

Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðgjafi, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðgjafi, tóku ákvörðun um að styðja afvopnun Íraks þann 18. mars 2003. Sú ákvörðun var harðlega gagnrýnd og sýndu skoðanakannanir meðal annars að almenningur studdi ekki innrásina.

Nokkrum vikum eftir innrásina voru bandarískar hersveitir búnar að hertaka höfuðborgina Bagdad og þann 1. maí sagði Bandaríkjaforseti að allar stærri hernaðaraðgerðir væru yfirstaðnar. Við tók margra ára ólga sem einkenndist af hryðjuverkum, sjálfsmorðsprengjuárásum og launmörðum. Borgarastyrjöld var hafin á milli trúarhópa og á næstu árum myndu hundruð þúsunda láta lífið.

Írösk stjórnvöld höfðu beðið bandaríska herinn um aðstoð í baráttunni gegn Isis og enn þann dag í dag eru um 2.500 bandarískir hermenn í Írak. Flestir eru þeir í Bagdad, Irbil og Al Tanf.

Formleg ástæða fyrir langvarandi viðveru bandarískra hermanna í Írak er að hún sporni við frekari hryðjuverkastarfsemi. Hernaðarsérfræðingar segja hins vegar að önnur ástæða sé sú að viðvera hermanna haldi Íran og írönskum vopnaflutningi í skefjum. ■

Kemur ekki á lýðræði með vopnavaldi

helgisteinar@frettabladid.is

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðgjafi, segir stríðið í Írak hafa sannað það að valdbeiting leiði ekki til lýðræðis. Hún segir að þátttaka Íslands í stríðinu hafi einnig verið ólögleg enda ekki ákveðin í samráði við Alþingi.

„Þetta var bara ákvörðun tveggja manna og ég hugsaði að Davíð Oddsson hafi verið aðalhvatamaðurinn á bak við hana. Halldór Ásgrímsson hafði sagt tveimur dögum áður að það þyrfti að gefa Hans Blix tíma til að leita að gjöreyðingarpöllum og það þyrfti nýja ályktun í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.“

Hún segir að ákvörðunin hafi ekki aðeins verið ólögleg heldur verið skýrt dæmi um upplýsinga-óreiðu og að röngum upplýsingum hafi verið miðlað um hvað væri að gerast í Írak.

Ingibjörg Sólrún hefur undanfarin misseri unnið sem staðgengill erindreka aðalritara Sameinuðu þjóðanna í Írak og fékk meðal annars að fylgjast með kosningum þar á landi.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

„Þetta samfélag er svo illa farið eftir þetta allt saman og eftirmálin eru það sem við getum kallað klíkuveldi. Menn skipta bara á milli sín pólitísku valdi til að komast í ríkiskassann.“

Á árum sínum sem utanríkisráðgjafi hafi hún einnig komið því á framfæri að Íslendingar væru ekki lengur fylgjandi þessari aðgerð.

„Þetta er ekki spurning um hvernig framtíðin mun dæma þetta. Ég held að sá dómur sé þegar fallinn. Þetta skildi Írak eftir í rjúkandi rúst og vandamálin sem þau glíma við eru að stórum hluta afleiðing af þessu. Þetta sannaði líka í eitt skipti fyrir öll að það er ekki hægt að koma á lýðræði með vopnavaldi.“ ■



Bandarískur hermaður skýtur á iraska hermenn í skjóli við oliuhreinsunarstöð nálægt Basra á öðrum degi innrásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tímalína Íraksstríðsins



20. mars 2003: George W. Bush Bandaríkjaforseti og Tony Blair, forsætisráðgjafi Bretlands, fyrirskipa innrás í Írak á þeim fólksku forsendum að Saddam Hussein, forseti Íraks, búi yfir gjöreyðingarpöllum.



2014: Íslamska ríkið nær völdum eftir aðskilnað frá al-Kaída og tekur yfir borgirnar Mósúl, Fallujah, Tikrit og Ramadi. Bandarískir hermenn snúa aftur, að beiðni írösku ríkisstjórnarinnar.



Júní: Að minnsta kosti 670 föngum slátrað í Badush Central fangelsinu af Íslamska ríkinu.


Júlí 2016: Í skýrslu um þátt Bretar í stríðinu er kallað eftir því að forsætisráðgjafi herra verði dreginn til ábyrgðar. Tony Blair samþykkti að taka þátt í stríðinu þann 28. júlí 2002.

2019–2020: Stríðið gegn Íslamska ríkinu tekur enda en mótmæli gegn spillingu innan ríkisstjórnarinnar færast í aukana.

Janúar 2020: Donald Trump Bandaríkjaforseti fyrirskipar drónaárás á flugvöllinn í Bagdad til að ráða íranska hershöfðingjann Qassim Soleimani af dögum.

Október 2022: Íraska þingið velur kúrdíska leiðtogann Abdul Latif Rashid sem forseta. Mohammed Shia al-Sudani forsætisráðgjafi herra heitir því að berjast áfram gegn spillingu og bæta lífskjör Íraka.

Mars 2023: Rúmlega 2.500 bandarískir hermenn eru enn í Írak, dreifðir vítt og breitt um landið í kringum Bagdad, Irbil og Al Tanf.



9. apríl: Bandarískir hermenn ráðast inn í Bagdad og steypa Saddam af valdastóli.

Desember: Hermennfangi Saddam skammt frá Tikrit.

Apríl 2004: Mikil reiði brýst út í alþjóðasamfélaginu eftir að pynting af hálfu bandarískra hermanna í Abu Ghraib-fangelsinu eru opinberaðar.

Apríl–ágúst 2004: Bardagar á milli bandarískra hermanna og skæruliða undir forystu Moqtada al-Sadr hefjast. Klerkurinn krefst þess að útlenskir hermenn yfirgefi Írak.



Október: David Kay, yfirmaður vopnaleyðinganna í Írak, fullyrðir að engin gjöreyðingarpönn séu þar. Þetta ógildir réttlættingu innrásar.

Janúar 2005: Stjórnsmálaflokkar Sjíta og Kúrdar ná flestum sætum í þingkosningum sem Súnnítar sniðganga.

Mai 2006: Nouri al-Maliki, stjórnsmálamaður úr röðum sjíta kosinn forsætisráðgjafi.

30 desember: Saddam Hussein er hengdur.



Janúar 2007: Bush Bandaríkjaforseti fjólgar bandarískum hermönnum í Írak um 30 þúsund, eru nú 170.300.

Apríl 2008: Skoðanakönnun Pew Research Center sýnir að 57 prósent Bandaríkjamanna telja að innrásin hafi verið röng ákvörðun.

Nóvember: Barack Obama sigrar í forsetakosningum í krafti loforðsins um að draga bandaríska herliðið frá Írak.



Janúar 2009: Bush Bandaríkjaforseti veitir Tony Blair æðstu orðu fyrir óbreytta borgara – frelsisorðu bandaríska forsetans.

Júlí: Sir John Chilcot leiðir rannsókn á aðild Bretar að Íraksstríðinu.

Desember 2010: Al-Maliki tryggir sér annað kjörtímabil sem forsætisráðgjafi Íraks.

Desember 2011: Bandaríski herinn yfirgefur Írak og öryggismál eru nú að fullu á hendi íraska hersins og lögreglu.



MOTTUMARS



GRASKERSFRÆ OG SÍNK
BRENNINETLURÓT
LYCOPENE OG BETA SITOSTEROL
BURNIRÓT
FJÖLVÍTAMÍN OG STEINEFNI
D-VÍTAMÍN



númer eitt®

STUÐLUM AÐ HEILBRIGÐUM BLÖÐRUHÁLSKIRTLI

VIÐ ERUM STOLTUR STYRKARADILI MOTTUMARS OG ÆTLUM AÐ GEFA 1.000 KRÓNUR AF HVERJU SELDU EINTAKI HJÁ SÖLUSTÖÐUM OKKAR AF BÆTIEFNABOXINU KARL 45+ Á MEÐAN Á ÁTAKINU STENDUR

Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup, Heilsuveri og Heilsuhúsinu Kringlunni.

30
BÆTIEFNA
SKAMMTAR
EINN POKI Á DAG

5 SÉRVALIN BÆTIEFNI
FYRIR KARLMENN
Í HVERJUM POKA

Skannaðu kóðann
til að vita meira!



ÁSTAND HEIMSINS



Ferðamenn flykkjast til að skoða kirsuberjatré í blóma í Washington í Bandaríkjunum og láta ekki kuldann stoppa sig. Þúist er við að trén nái fullum blóma síðar í þessari viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Prinsinn og prinsessan af Wales voru viðstödd hátíðarhöld í tilefni af degi heilags Patreks í Aldershot á Englandi.



Frumbyggjar á Jövu í Indónesíu hvílast áður en þeir halda berfættir áfram göngu sem er hluti af athöfn sem nefnist Unggah-unggahan og er haldin til að fagna upphafi hins heilaga föstumán- aðar ramadan.



Chinook-pyrlla Bandaríkjahers á sameiginlegri heræfingu Bandaríkjamanna og Suður-Kóreu- manna í heimalandi hinna síðarnefndu. Á sunnudag skutu Norður-Kóreumenn skammdrægu flugskeyti á haf út og sjá sunnanmenn það sem enn eina ögrunina af hálfu nágretta sinna.



Tvö þúsund voru í hópi fanga sem fluttir voru í miklu átaki yfirvalda í El Salvador gegn skipulagðri glæpastarfsemi til gríðarstórs fangelsis í Tecoluca, El Salvador. Frá því Bukele forseti lýsti yfir neyðarástandi hafa um 62 þúsund meintir meðlimir glæpa- gengja verið handteknir.



KEANU REEVES
JOHN WICK

CHAPTER 4

fierra
GARÐURINN
- klæðir þig vel

FRUMSÝND Í BÍÓ 24. MARS

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF

FORSALA HAFIN

LAUGARÁS
BARA LÚXUS



SMÁRA
BÍÓ

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL



HÁSKÓLA
BÍÓ

Kverkatak



Birna Dröfn
Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Síðastliðinn föstudag staðfesti Landsréttur 45 daga fangelsisdóm yfir manni sem réðst á þáverandi kærustu sína í janúar í fyrra. Maðurinn réðst á konuna og tók hana kverkataki.

Árásin átti sér stað í sumarbústað og meðan á henni stóð vaknaði sonur konunnar en dóttir mannsins svaf árásina af sér. Það voru sem sagt tvö börn í húsinu þegar maðurinn tók fast um háls konunnar, ýtti henni í gólfíð og þrengdi svo fast að, að hún gat ekki andað.

Þegar maðurinn var að kyrkja konuna kom drengurinn fram og maðurinn stoppaði, ekki vil ég hugsa til þess hvað hefði gerst hefði drengurinn ekki komið fram. Enda getur kverkatak leitt til meðvitundarleysis á nokkrum sekúndum og dauða á örfáum mínútum.

Í maí í fyrra dæmði Héraðsdómur Reykjavíkur mann í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot í nánu sambandi. Hann hafði meðal annars ítrekað tekið sambýliskonu sína kverkataki. Við það tilefni gagnrýndu Stígarmót dóminn. Talskona samtakanna sagðist almennt fagna því þegar sakfellingar féllu í slíkum málum en að 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir það að taka einhvern kverkataki ítrekað væri vægur dómur.

Í febrúar í fyrra var maður dæmdur í sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann veittist að eiginkonu sinni og ógnaði lífi hennar með því að stappa ítrekað á hægri hlið líkama hennar. Í hittifyrra var maður dæmdur í sex ára fangelsi fyrir morðtilraun, sá stakk konu í kviðinn. Árið 2020 fékk maður tíu ára fangelsisdóm fyrir manndráps-tilraun eftir að hafa margstungið annan mann.

Það að taka einhvern kverkataki hlýtur að teljast morðtilraun. Að þrengja að öndunarvegi annarrar manneskju, þannig að það geti dregið hana til dauða á fáeinum mínútum, hlýtur að ógna lífi hennar og því sé sá sem tekur kverkataki að reyna að drepa hana. Það virðist þó ekki vera lítið þannig á það. Munurinn á dómum sem mennirnir fengu sýnir það svart á hvítu. Tíu, fimm eða sex ár á móti 45 eða 60 dögum.

Tæp tíu prósent þeirra 1.454 kvenna sem leituðu til Landspítalans á árunum 2005–2014 með áverka vegna heimilisofbeldis höfðu verið teknar kverkataki af núverandi eða fyrrverandi mökum sínum eða barnsfeðrum. Það eru um 140 konur. 140 konur sem upplifðu það að þrengt væri að öndunarvegi þeirra. Konur sem náðu ekki andanum af því að önnur manneskja var að kyrkja þær.

Gleymum því svo alls ekki að þetta eru bara konurnar sem segja frá. ■

Það að taka einhvern kverkataki hlýtur að teljast morðtilraun. Að þrengja að öndunarvegi annarrar manneskju.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

ser@frettabladid.is

Flokkunarkviði

Það er verið að ára óstöðuga Íslendinga þessa dagana – og það jafnvel í þeirra heima-húsum. Flokkun úrgangs er nefnilega að verða svo óhemju flókin að búast má við því að stórir flokkar manna muni glíma við flokkunarkviða á næstu misserum og árum. Og það bætist þá við allan annan kvíða, kulnun, mánuðagsóttá, skóla- og vinnuförðun, svo og almenna þynnku. En nú á sumsé að skylda alþýðu manna til að flokka plast á fjóra mismunandi vegu; almennt plast, frauðplast, filmuplast og hart plast. Og þá er óneft að nýlega var kveðið á um að fólk eigi að skilja á milli almenns sorps og lífræns, bylgjupappa og annars pappírs.

Háskólagráða

Augljóst er að þetta kallar á fjölgun ruslaskápa í eldhúsinu, sem geta hér eftir varla verið færri en tveir, ef ekki þrjár ef fram heldur sem horfir – og flokkun verði enn þá flóknari. Og þá er vart við öðru að búast en menn verði sér úti um háskólagráður í flokkun. Eða hvernig á sauðsvartur almenn-ingurinn að koma því fyrir í vöðvaminni sínu að skipta á milli átta til tíu hólfa á heimilinu sínu, öðruvísi en að hann fari í framhaldsnám í faginu. Þetta er algerlega fyrirséð – og fagurt í senn: Diplóma í flokkun, fjarnám líklega. ■

Ekki missa af framtíðinni



Jóhanna Vigdís
Guðmundsdóttir
frankvæmda-
stjóri Almanna-
róms – miðstöðvar
máltækni

Í maí síðastliðnum héldu fulltrúar íslensks máltæknisamfélags, undir forystu forseta Íslands, í það sem kalla má viking, enda markmiðið háleitt: að koma íslenskum máltæknilausnum inn í þau tæki og töl sem fólk notar dag hvern. Markmið okkar var ekki síður að tala máli allra smærri tungumála heimsins, sem telja því sem næst 7.000, en aðra hverja viku deyr eitt þeirra út.

Í kjölfar heimsóknarinnar tókst samstarf við mörg af stærstu tæknifyrirtækjum heims og í liðinni viku leit ein mikilvægasta afurð samstarfsins ljós, þegar gervigreindarfyrirtækið OpenAI gaf út gervigreindar-mállíkanið GPT-4, sem samtalsgreindin ChatGPT byggir á. Samstarf fyrirtækisins við íslenskt máltæknisamfélag, um að auka færni mállíkansins í íslensku, er mikilvægt skref fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag, enda óumdeilt að þróun gervigreindar og notkun byggir á því að hægja sé að sækja og nýta mikið magn gagna á íslensku.

Tungumál eru bankinn þar sem þjóðir geyma alla sína menningu, sögu og sjálfsmynd. Ef við töpum móðurmálinu þá missum við því svo miklu meira en tungumálið. Framtíð íslensku byggir á að hún sé notuð á öllum sviðum daglegs lífs, líka ef okkur dettur í hug að biðja ChatGPT um hjalp við að skrifa ritgerð. Samstarfið við OpenAI skiptir þó ekki bara máli fyrir framtíð íslenskrar tungu heldur einnig fyrir önnur svokölluð smærri tungumál, enda er verkefnið nú orðið fyrirmynd að samstarfi fyrirtækisins við aðrar þjóðir; sniðmát sem verður notað til að hægja verði að nýta gervigreindar-mállíkon á enn fleiri tungumálum.

Ferðalag sem hófst með það að markmiði að tryggja framtíð íslenskunnar hefur því fengið nýjan áfangastað. Þá er einnig ljóst að máltækni er orðin lykilkáttur þegar kemur að því að ryðja veginn fyrir nýtingu gervigreindar í atvinnulífi og samfélagi – og tryggja samkeppnishæfni. Skilaboðin til þeirra samfélaga – og fyrirtækja – sem ekki eru nú þegar búin að skapa sér markvissa gervigreindarstefnu og -áætlun eru því einföld: Drífið í því, annars missið þið af framtíðinni. ■

Tungumál eru bankinn þar sem þjóðir geyma alla sína menningu, sögu og sjálfsmynd.

2 FYRIR 1
á kver.is – kr. 2.999

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Erindi Pírata



Sigurður Gylfi Magnússon
prófessor í menningarsögu við Háskóla Íslands

Ein af furðulegustu upptökum síðari ára er sú ákvörðun borgarstjóra Reykjavíkur Dags B. Eggertssonar og meirihlutans í borgarstjórn að leggja niður Borgarskjalasafnið. Mér er óhætt að segja að fólk sem stundar vísindi og fræði innan hug- og félagsvísinda sé felmtri slegið yfir þessari vanhugsuðu ákvörðun. Langflestir sem ég hef átt samskipti við skilja ekkert í hvað vakir fyrir borgarstjórnarmeirihlutanum sem fórnar þessari mikilvægu lýðræðisstofnun fyrir mjög óljósan ávinning. Borgarskjalasafnið er útvörður upplýsinga og lýðræðis í borginni. Það er því eðlilegt að spyrja hvernig standi á að flokkur Pírata komi að slíkum gjörningi, sem gengur þvert á hugsjónir þeirra og grunngildi.

Hvert er erindi Pírata? Ég hef alltaf litið svo á að þeir sem kjósa að jafnaði Pírata væru frihyggju-fólk – frjálslyndari hluti samfélagsins. Eins og ég hef skilið flokkinn þá vilja þeir opið og gegnsætt þjóðfélag sem getur styrkt upplýsingarsamfélagið í öllu sínu veldi. Kjarninn í stefnu Pírata varðar einmitt aðgang að upplýsingum sem skapa sóknarfæri á öllum sviðum þjóðlífsins.

Hver eru þá þessi tækifæri? Ég get nefnt dæmi sem líklega höfðar til þeirra sem hugsa fyrst og fremst um fjármál, nálgast viðfangsefni sín út frá hagrænum stærðum, eins og endurskoðunar fyrirtækið sem skrifaði skýrslu sem var notuð til að taka ákvörðun um að leggja Borgarskjalasafnið niður. Þeir sem hafa lært hagfræði kannast einmitt við að í fyrsta eða öðrum kafla grunnbóka í þeim fræðum (í það minnsta þeirri sem ég lærði í Versló forðum) eru venjulega gefnar upp forsendur fullkominnar samkeppni. Ein þeirra eru almennar og góðar upplýsingar (traustar upplýsingar). Þær eru grundvöllur þess að samkeppnislíkanið virki og þess vegna eru upplýsingamál mjög nærri kjarna viðskiptafrelsis og forsenda þess að markaðurinn virki. Ég veit ekki hvort ég þurfi að sannfæra fólk um næsta skref í röksemdafærslunni, það að frjáls markaður hafi áhrif á hagvöxt, störf, verðmætasköpun og jaldeyriskjúr.

Jafnframt dregur vönduð meðferð upplýsinga og eðlilegt aðgengi að þeim úr spillingu í hvaða formi sem er. Spilling er náttúrlega þekktur dragbitur bæði á samfélagslegt réttlæti og hagvöxt, einmitt af sömu ástæðum og að framan er lýst. Það eykur virkni markaðarins að losa



Aðförin að Borgarskjalasafninu gengur þvert á hugmyndir Pírata um heilbriggt samfélag og meðferð á valdi.

sig við það helsi sem spilling er. Fámennar valdaklíkur græða auðvitað á spillingu því það er auðveldara að færa verðmæti sem þegar eru til í samfélaginu milli aðila, heldur en að búa þau til með eigin verðmætasköpun sem byggist á þekkingu.

Aðförin að Borgarskjalasafninu gengur þvert á hugmyndir Pírata um heilbriggt samfélag og meðferð á valdi. Hér stendur flokkurinn að atlögu að stofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki er varðar aðhald að sjálfum borgaryfirvöldum og safnar til dæmis upplýsingum um leikskólalám, braggamálið, Sorpu, samgöngumál og fleiri viðkvæm mál sem hafa verið í deiglu á undanförunum misserum. Flokkur sem á grundvelli hugmyndafræðilegrar afstöðu hefur til dæmis reynt að vinna gegn valdbeitingu með óvenjulegu flokksskipulagi og lýðræðislegum tilburðum fellur nú því

miður á prófinu. Þessi flokkur líkist sífellt meira hefðbundnari stjórnmálaflokkum og ekki bætir úr skák þegar grafið er undan aðhaldi á eigin verk.

Upplýsingarbyltingin hefur stuðlað að gríðarlegum breytingum á öllum sviðum samfélagsins og þau sjónarmið sem Píratar héldu framan af á lofti geta skipt sköpum ef vel á að takast til í síbreytilegum heimi tækninýjunga. Þess vegna hafa þeir lengst af átt erindi í íslensk stjórnmál og heillað fólk eins og mig sem byggi allt mitt starf á greiðum aðgangi að upplýsingum. Þessar upplýsingar eiga sér vörslustað á vettvangi safns eins og Borgarskjalasafnsins. Af þessum sökum er nær óskiljanlegt að Píratar skuli standa að því að fella Borgarskjalasafnið, pakka því saman og senda það í einhverja óvissuferð út í buskann. Og takið eftir, lesendur góðir, rökkin eru efnahagslegs eðlis – það er verið að spara! Fólk verður að átta sig á að tækifæri til vaxtar liggur einmitt í gegnum greiðan aðgang að upplýsingum en ekki torveldari leiðum að því sem máli skiptir. Hér er sem sagt öllu snúið á haus.

Að framansögðu langar mig til að óska þess að kjörnir fulltrúar Pírata í borgarstjórn geri íbúum Reykjavíkur opinberlega grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að fella Borgarskjalasafnið og stofna þeim gögnum (upplýsingum) sem þar er að finna í hættu. Fólk verður að

hafa það í huga að hlutverk og eðli Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns er um margt ólíkt og það er alls engin lausn að pakka því síðar-nefnda niður og koma því í fangið á Þjóðskjalasafni sem er nú þegar yfirhlaðið gögnum og verkefnum. Öllum sem þekkja til málsins ber saman um að skaðinn geti orðið gríðarlegur og fjárhagslegur ávinningur alls enginn. Það er vegna þess að upplýsingar eru lykilinn að efnahagslegri velmegun og eru uppspretta frjórrar menningar og vísinda, svo ekki sé minnst á samfélagslegt réttlæti.

Með ofangreind atriði í huga þá er vert hér í lokin að skoða nokkur atriði úr grunnstefnu Pírata sem eru nánast valin af handahófi: „1.1. Píratar leggja áherslu á gagnrýna hugsun og vel upplýstar ákvarðanir. ... 1.4. Réttur einstaklinga til að leita þess að verða upplýstir skal aldrei skertur. ... 4.1. Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni. 4.2. Píratar telja gagnsæi eiga mikilvægan þátt í að almenningur sé upplýstur og þar af leiðandi hæfur til lýðræðislegrar ákvörðunartöku. 4.3. Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi. 4.4. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar á opnum gagnasniðum, á því formi sem er hentugast upp á notagildi upplýsinganna.“ Dæmi hver fyrir sig hvar flokkur Pírata er nú staddur á pólitískri vegferð sinni. ■

Frítt

Kynntu þér
dreifingu
Fréttablaðsins



Skannaðu kóðann í
snjalltækinu þínu

Nánari upplýsingar
www.frettabladid.is/stodsitur/dreifing



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

-Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags-

Elliðaárvogur/Ártúnshöfði - svæði 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. febrúar 2023 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 25. janúar 2023, vegna nýs deiliskipulags Elliðaársvogs-Ártúnshöfða - svæðis 7 (Bíldshöfða/Breiðhöfða) á hluta miðsvæðis M4a og á opnu svæði OP30 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Rammaskipulag Elliðaársvogs-Ártúnshöfða var staðfest árið 2017 og í framhaldi hefur verið unnið að deiliskipulagi minni áfanga á svæðinu. Skipulagssvæðið afmarkast af Bíldshöfða til suðurs, stoðvegg til norðurs (deiliskipulagsmörkum áfanga 1 og 2 skv. rammaskipulagi), Breiðhöfða til austurs og Þórðarhöfða til vesturs. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð þar sem stærstur hluti verður íbúðarhúsnæði. Einnig er gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði, sérstaklega á götuhæðum við Bíldshöfða og Breiðhöfða. Byggingarmagn og hæðir húsa munu ráðast við gerð deiliskipulags m.t.t. markmiða aðalskipulags um sjálfbæra þróun og gæði byggðar. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 18. apríl 2023.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ
Reykjavíkur. Lausir fímar.
Sími 694 7881, Janna.

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR.

• SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLPI AÐ HANDAN
• HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 660 8301

FRAMTALSADSTOÐ -
BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Þetta náðgala-
og
bókhaldsþjónusta

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassaragítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Hvar er?
FRÉTTABLAÐIÐ



Kynntu þér dreifinguna
www.frettabladid.is/stodsdir/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

Nokkrar spurningar til Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra



Ole Anton
Bieltvedt
samfélagsrýnir og
alþjóðlegur kaup-
sýslumaður



1. Ein kenninga Alberts Einstein var að ef menn gerðu sama hlutinn aftur og aftur og væntu breytilegra, eða annarra og kannske betri, niðurstaðna mætti telja það andlega skerðingu, vitfirru. Nú ert þú og þið búin að hækka stýrivexti ellefu sinnum til að reyna að slökkva verðbólguþálið, en verðbólgan bara eykst. A. Hvað skyldi Einstein hafa sagt um þessa viðleitni þína? B. Getur verið, að yfirkeyrðar stýrivaxtahækkanir virki sem olía á eldinn í stað vatns?

2. Það er þekkt eðlisfræðilegt fyrirbrigði, staðreynd, að sum efni eða læknislyf virka til betrunar og lækningar heilsuþrengingar eða sjúkdómi í litlu og hæfilegu magni, en, við aukið magn, snúist áhrif við, valda vaxandi vanlíðan og veikindum, og, við enn stærri skammt, verði þau banvæn. Heldur þú að stýrivaxtahækkunaradferðin líti kannske ekki sama lögmáli?

3. Ef grípa á inn í hagkerfi, draga úr verðbólgu, heldur þú ekki að það væri siðferðislega og jafnvel lagalega réttara að láta aðgerðina gilda eingöngu fram á við; ekki vera afturvirk! Bara fyrir ný lán!?

Með því að láta eða leyfa viðskiptabönnkunum að hækka vexti umsaminna og frágenginna, tekinn lána, er um afturvirk áhrif að ræða; lánþakendur eru keyrðir upp að vegg með aukin, eða stóraukin, útgjöld, sem aldrei var samið skýrt og skorinort um; þarna er gengið hart á hagsmunum þeirra og afkomu með afturvirkum og íþyngjandi hætti. Finnst þér þetta standast?

4. Skv. 72. grein stjórnarskrár er

eignarrétturinn friðhelgur og það er meginregla íslensks réttarfars að afturvirkni laga eða stjórn-sýsluadgerða sé bönnuð. Telur Ásgeir Jónsson, að vaxtahækkanir með alvarlega íþyngjandi afturvirkum áhrifum standi þessa stjórnarskrárgrein og þessa meginreglu íslensks réttarfars? Hér má kannske minna hagfræðinginn á skilgreiningu Gardars Gíslasonar í bók hans „Eru lög nauðsynleg“: „Lög frá lagasetning-arvaldi (ég segi stjórn-sýsluvaldi) skulu vera skýr og skiljanleg, gerð kunnug með opinberri birtingu, og þau skulu gilda eftirleidis, fram í tímann og ekki aftur í tímann“.

Hvað skyldi fyrrverandi forseti Hæstaréttar, Gardar Gíslason, segja um þessar afturvirkvaxtahækkanaadgerðir þínar, nú alls ellefu á tæpum tveimur árum, allar með afturvirkum og alvarlega íþyngjandi áhrifum!? Er þetta kannske allt kolólöglegt hjá þér og ykkur, ef ekki lagalega, þó sennilega sé það líka svo, þá alla vega siðferðislega!?

5. Hvað heldur þú með Mannréttindasáttmála Evrópu, gr. 7, mgr. 2, sem gengur hart gegn afturvirkni!? Skyldu þessar ellefu geðveikislegu (Einstein) stýrivaxtahækkanir allar standast hann!?

6. Ef launahækkanir hjá brauðgerð

leiða til þess, að framleiðslukostnaður brauðsins hækkar um 10%, þá segir þú, að þarna séu launahækkanir að kynda upp verðbólgunna, séu olía á verðbólgueldinn. Þegar þú og þið hækkið vexti, þannig, að brauðgerðarkostnaðurinn hækki um 10%, þá fullyrðið þið, að þið séuð að draga úr verðbólgu; nú sé hinn aukni framleiðslukostnaður, vegna vaxtahækkunarinnar, vatn á verðbólgueldinn; þið séuð að slökkva hann.

Viltu vera svo vænn að útskýra fyrir okkur hvernig þetta virkar? Ég er reyndar enginn Einstein, en fyrir mér er þessi framgangur og aðferðafræði, þessi hagspeki og peningastefna, aðferðafræði fánleikans.

7. Fannst þér það heidarlegt og rétt, að verja verðbólgu hér fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis með tilvitnunum í háa verðbólgu í Eystrasaltlöndum og öðrum Evrópulöndum, í ESB eða utan, með evru eða án, sem þú veizt vel, að stafar mest af margföldun orkuverðs vegna innrásar Pútíns í Úkraínu, af tímabundinni orkukreppu þeirra landa sem hafa mest byggt sína orku á gasi og olíu, en þessi orkukreppa er ekki til staðar hér? Raforkan okkar og heita vatnið hefur ekki

„
Telur Ásgeir Jónsson, að vaxtahækkanir með alvarlega íþyngjandi afturvirkum áhrifum standi þessa stjórnarskrárgrein og þessa meginreglu íslensks réttarfars?

hækkað! Varstu þarna ekki að reyna að smeygja þér út úr verðbólguvandanan hér, sem fyrir mér er nú orðinn vítahringur víxlhækkana vaxta og verðlags, með fals-samanburði?

8. Í eina tíð héldu færustu vísindamenn, að jörðin væri flöt. Læknavísindin byggðu líka á því, á sínum tíma, að blóðtaka af sjúklingi væri allsherjar lækning og lausn. Eins og stýrivaxtahækkanir ykkar nú.

Gæti það verið, að hagspeki þín, sem reyndar byggist nokkuð á aldargömlum kenningum Keynes (ekki Georges, heldur Johns Maynard), fæddis 1883, og, jafnvel, fræðum og kenningum Adams Smith, fæddis 1723, sé að nokkru eða verulegu leyti úr takt við tímann; byggist á allt annarri þjóðfélagsgerð og allt öðru hagkerfi, en nú er?

9. Að lokum þessi spurning: Í viðtali við Morgunblaðið í júlí 2019, þegar þú tókst við embætti seðlabankastjóra, sagðir þú: „Rétturinn til að gefa út eigin mynt er grundvallarhluti af fullveldi hvers lands“. Trúirðu þessu virkilega enn!? Hafa ríkin 26, sem nýta sér nú evruna sem sitt grundvallar gjaldmiðilsverkfæri, þá afsalað sér fullveldi sínu!? ■

Íslenskir listamenn án landamæra



Viðar Eggertsson
varaþingmaður
Samfylkingarinnar,
jafnaðarflokks
Íslands

„Heimskt er heimaalið barn“, segir gamall málsháttur. Það er í eðli skapandi fólks að þurfa hleypa heimdraganum og leita á nýjar lendur til að takast á við nýjar og gefandi áskoranir.

Það hefur vart farið fram hjá nokkrum Íslendingi hversu öflug íslensk menning og listsköpun hefur orðið á síðustu árum og áratugum. EES-samningurinn, sem við undirrituðum árið 1994, hefur opnað fyrir íslenska listamenn áður lokuð hlið og rutt úr vegi ókleifa múra, til menningarlegra landvinninga í Evrópu. Hin skapandi stétt listamanna hefur nýtt sér þau miklu tækifæri sem þá gáfust með ótrúlega gefandi hætti. Og uppskorið ríkullega.

Gott orðspor íslenskrar listar og menningar hefur aukist gífurlega vegna þessa.

Ófáir íslenskir listamenn hafa



rennt styrkum stöðum undir starf sitt sem listamenn, eftir að samningurinn tók gildi, víða um Evrópu og þannig hefur atvinnugrundvöllur þeirra eflst til muna vegna samningsins og ýmissa tækifæra sem hafa gefist í samstarfi við önnur þau 26 Evrópulönd sem samningurinn nær til.

Fyrir þann tíma var Ísland ekki bara eyland úti í hafi heldur var engu líkara en ókleifur múr hefði verið reistur af okkur eyjarskeggj-

um umhverfis okkur sjálf, sem bitnaði illilega á möguleikum einstaklinga og stofnana til að eflast í samstarfi við aðra.

EES samkomulagið hefur brotið niður múra og gert Evrópu aðgengilega fyrir stórhuga listamenn. Því samningurinn felur í sér ótal tækifæri til listsköpunar fyrir frjóa Íslendinga. Samningurinn nær til nánna samstarfsverkefna á ýmsum sviðum – ekki síst menningu. Þar gefast margvísleg tæki-

„
Það eru enn gífurleg sóknarfæri fyrir okkur fölginn í menningu ekki síður en viðskiptum og því brýnt að að halda áfram að sækja fram okkur öllum til heilla.

færi ef vandað er til verka og til staðar er árvökulir aðstoðarmenn á vettvangi – í iðu ákvarðana og framfara.

Það eru enn gífurleg sóknarfæri fyrir okkur fölginn í menningu ekki síður en viðskiptum og því brýnt að að halda áfram að sækja fram okkur öllum til heilla.

Því er það með ólíkindum að menningar- og viðskiptaráðuneytið eigi ekki einn einasta starfsmann á sendiráðsskrifstofu okkar í Brussel eins og öll önnur ráðuneyti hafa þegar þar, til að vinna að hagsmunamálum og tækifærum sem okkur gefast. ■



Páll Óskar Hjálmtýsson skemmtir í Þróttarheimilinu í Laugardal.

Alþjóðlegi Downs-dagurinn

gummih@frettabladid.is

Í dag er alþjóðlegi Downs-dagurinn en Sameinuðu þjóðirnar lýstu því formlega yfir árið 2011 að 21. mars væri alþjóðadagur Downs-heilkennis. Tilgangurinn er að vekja almenning til vitundar um fólk sem fæðist með þetta heilkenni, þarfir þess, óskir, drauma og vanda sem það þarf að glíma við en eitt barn af hverjum sjö hundruð sem fæðast í heiminum er með Downs-heilkenni. Talið er að 5-6 börn fæðist með Downs-heilkennið á Íslandi á hverju ári.

Downs-heilkenni, stundum nefnt heilkenni þrístæðu 21, er litningafrávik sem veldur þroskahömlun. Fólk með Downs-heilkenni hefur þrjú eintök af litningi 21 eða alls 47 litninga. Heilkennið er kennt við enska lækinn John Langdon Down sem árið 1886 benti á lík einkenni einstaklinga með þroskahömlun. Árið 1959 sýndi franskur prófessorinn Jérôme Lejeune að fólk með Downs-heilkenni hefði aukalitning í frumum sínum.

Páll Óskar tekur lagið

Félag áhugafólks um Downs-heilkenni á Íslandi ætlar að halda upp á daginn með skemmtun í Þróttarheimilinu í Laugardal frá klukkan 17 til 19. Tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson mætir á svæðið og syngur nokkur lög eins og honum er einum lagið og flottar veitingar verða í boði. ■



Tviburasturnar Lovisa (t.v.) og Anna Marta eru samrýmdar og öflugt teymi. Saman reka þær matvælafyrirtækið Önnu Mörtu ásamt eiginmanni Önnu.

MYND/ANNA MARTA

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

Rétt hugarfar bætti lífsgæðin

Matarfrumkvöðullinn Anna Marta Ásgeirsdóttir deilir uppskriftum að fallegum og næringarríkum réttum í kvöldmatinn, í desert og á fermingarborðið. **2**

Það kannast líklega flestir matgæðingar við Önnu Mörtu enda hefur vörumerki hennar vakið mikla athygli fyrir eitt besta pestó sem fæst í matvörubúðum. Anna Marta segir mataráhugann hafa kviknað fyrst fyrir um 25 árum síðan þegar hún fór að huga betur að heilsunni. „Ég gerði breytingu á matarvenjunum og byrjaði að hreyfa mig, en umfram allt hlustaði ég á þarfir líkamans, bæði andlegar og líkamlegar,“ segir hún.

Heilsan segir Anna að hafi marga anga. „Maður getur verið við góða líkamlega heilsu á sama tíma og andlega hliðin er niðri, og svo öfugt. Minn lykill er að finna heilsutengt og almennt jafnvægi í lífinu. Sjálf hef ég verið báðum megin línunnar, með slæma líkamlega heilsu eða ekki í andlegu jafnvægi. Ég hef svo líka verið, og er þeim megin í lífinu núna, líkamlega heilsuhraust og líður líka vel andlega. Ég ver því mínu lífi í að hjálpa fólki að finna sinn takt í lífinu og efla lífsgæði sín í góðri og fallettri næringu,“ segir Anna Marta, sem býður meðal annars upp á matarþjálfun.

Vill næra landann fallega

„Ég er menntaður þjónn en minn lærdómur hefur þó hvað mest falist í því hlusta á þarfir mínar og annarra. Þannig hef ég lært á lífið og í dag starfa ég við heilsu á mjög breiðan máta. Ég er í matarþjálfun, býð upp á þjálfun á netinu og er hóptímaþjálfari hjá World Class,“ segir Anna Marta.

„Þegar ég hóf mína heilsuvegferð upplifði ég hve mikið góð og falleg næring gerði fyrir mig og fannst það þess virði að deila því með öðrum. Ég fann að ef ég ætlaði að vera á þessum stað í lífinu yrði ég að vera skipulögð og vinna mér í haginn. Þegar það small saman þá varð allt tengt næringu svo auðvelt og tímaskortur hætti að vera vandamál. Í dag leyfi ég bragðlaukunum að dansa í eldhúsinu með ólíkum en umfram allt einföldum hætti,“ segir Anna Marta.

Faraldur verður að framleiðslu

Í framlagi af hugleiðingum Önnu og tilraunum í eldhúsinu varð til námskeiðið Ævintýraferð bragðlaukana. „Þetta er skemmtileg kvöldstund í heimahúsi þar sem ég leiðbeini fólki inn á fallega og næringarríka braut með mat sem ég útbý. Ég vinn eingöngu með hreint og ferskt hráefni þar sem aðaluppistaðan er grænmeti, sósur og hráfæðisbitar. Fólk fær líka að upplifa nokkrar tegundir af pestói og sósam sem unnar eru úr hreinum vörum.


Þegar ég fór að sjá hvað fólki fannst best af því sem ég bauð upp á kviknaði hugmyndin að kannski ættu mínar vörur heima í verslunum. Faraldurinn mætti og ég ákvað að koma tveimur vörum á markað: pestói og döðlumauki. Salan á þessum tveimur vörum fór langt fram úr mínu væntingum. Eitt af mörgu sem ég er að stússast í núna er því framleiðsla á bragðgóðum og næringarríkum vörum undir vörumerkinu Anna Marta, sem ég rek með eiginmanni mínum og tvíbursystur minni Lovísu. Merkið byggir á bragðgóðri litríkri og fallegri næringu sem kemur í krukku og svo erum við með dásamlega súkkulaðihringi,“ segir Anna.

Stórir hringir og hjartalaga

Anna Marta verður fimmtug á þessu ári og er fjögurra barna móðir. „Ég á fjögur börn hér hjá mér, þrjú þeirra eru á þöngu og einn er engill,“ segir hún og bætir við: „Ég er svo nýlega orðin amma



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is



Súkkulaðihringur með berjum og súkkulaðihúðuðum fikjum er einfaldur og fallegur eftirréttur.


sem er alveg stórkostlegt hlutverk. Súkkulaðihringirnir eiga sér einstaklega fallega sögu. „Þegar ég og maður minn giftum okkur báðum við gesti að aðstoða okkur í því að koma af stað góðgerðarverkefni sem heitir Vinir Hringar. Í stað þess að gefa okkur gjafir báðum við fólk um að leggja upphæð að eigin vali inn á reikning sem við notuðum til að stofna félagið.

Góðgerðarfélagið býður Barnaspítala Hringar upp á gleðistundir fyrir stór og litil hjörtu með ísbirninum Hringi. Hringur er núna orðinn sextán ára og hefur verkefnið gengið mjög vel. En til þess að Hringur haldi áfram að mæta á Barnaspítalann þarf fjármagn. Einn daginn var ég í miklum þælingum um hvernig hægt væri að fjármagna verkefnið áfram. Ég og krakkarnir vorum að dunda okkur í að gera jólagotteri í desember og þá fékk ég þá hugmynd að gera súkkulaði og vita hvort fólk hefði áhuga á að kaupa svoleiðis.

Viðtökurnar fóru langt fram úr væntingum. Úr varð að ég og allir í fjölskyldunni hjálpuðumst við að gera súkkulaði sem heitir Dásemd, að veruleika. Allur ágóði af Dásemd rann í verkefnið með Hring ísbjörn. Í janúar 2022 barst mér tölvupóstur frá manni sem vinnur hjá stórrí verslanakeðju hér á landi og hafði fengið gefins poka af Dásemd. Þá fór súkkulaðiboltinn að rúlla.“

Skyndibiti A-manneskjunnar

Frumkvöðullinn Anna Marta hefur alltaf verið A-manneskja. „Ég byrja daginn klukkan 05.00 og gef mér tíma til að hugleiða inn í daginn. Svo þjálfá ég kroppa í World Class frá klukkan 06.00 til 08.00. Við systur leigjum svo aðstöðu í frumkvöðlaeldhúsinu Eldstæðinu til að framleiða okkar vörur. Ef



Þorskhakkar með kirsuberjatómötum, pestói og döðlumauki er alger næringarsprengja í kvöldmatinn.

við erum ekki þar þá erum við að dreifa vörum í búðir og fylgja þeim eftir. Við fjölskyldan reynum svo alla daga að eiga saman gæðastund yfir kvöldmatnum. Flesta daga vikunnar er ég svo komin upp í rúm milli 21.30 til 22.00 en svefninn er mjög mikilvægur fyrir mig eins og alla aðra.“

Þegar kemur að máltíðum segist Anna hafa mest gaman af því að útbúa falleg og matarmikil salöt og grænmetisskálur. „Þá nota ég mikið kjúkling, rækjur, naut og önd til að gera skálarnar matarmeiri.“ Aðspurð hvort hún reidi sig nokkurn tíma á skyndibita segist Anna alls ekki viss um hvað það sé.

„En ef ég á að velja eitthvað þá yrði pizza fyrir valinu. Pizza með extra miklum kjúklingi. Ég myndi svo alltaf hafa ferskt salat með, grænmeti og besta pestói í heimi, sem er að mínu mati pestóið frá Önnu Mörtu,“ segir hún.

Bragðmiklar uppskriftir

Það er ekki úr vegi að fá matarfrumkvöðulinn Önnu til að deila nokkrum fallegum, næringarríkum og litríkum uppskriftum með lesendum. „Þessi uppskrift að þorskhökkum er í algeru upphaldi hjá mér, og ég nota auðvitað alltaf pestói og döðlumauk úr minni eigin framleiðslu,“ segir Anna.



Anna Marta fékk óbilandi ástriðu fyrir næringarríkum, fallegum og góðum mat þegar hún hóf að huga betur að heilsunni fyrir 25 árum.

MYNDR/ANNA MARTA



Anna Marta gefur uppskrift að girnilegum og einföldum snittum.

Þorskhakkar með pestói og döðlumauki

1 kg þorskhakkar, einnig hægt að nýta kjúkling
3 msk. pestói
3 msk. döðlumauk
1 box kirsuberjatómatar
½ krukka fetaostur, taka oliu af Sítrónupipar

Setjið bökunarpappír í eldfast mót og raðið þorskhökkunum á pappírinn. Setjið svo allt annað hráefni yfir þorskhakkana. Bakið í ofni við 200°C í 20 mínútur. Berið fram með fersku salati, sætum kartöflum og/edá hrisgrjónum.

Einfalt og hollt á fermingarborðið

Anna mælir líka með þessum dásemdarrétti á fermingarborðið. „Þessi réttur er bæði einfaldur og virkilega bragðmikill,“ segir hún. „Það má nota hvaða hrökkbrauð eða kex sem er í réttinn en sjálf nota ég Utvalda-súrdeigskex. Einnig nota ég pestói og döðlumauk frá Önnu Mörtu.“

1 krukka grænt pestói

1 krukka döðlumauk

Kirsuberjatómatar, skornir til helminga

Smyrjið smá döðlumauki á litlar hrökkbrauðssneiðar og smá pestói ofan á döðlumaukið. Setjið svo hálfan tómat ofan á, raðið á bakka og stráðið klettasalati yfir.

Súkkulaði í eftirrétt

Súkkulaðihringirnir frá Önnu Mörtu eru dásamlega fallegir á eftirréttadiskinn. „Ég mæli með að brjóta þá niður og setja á bakka með berjum. Mér finnst líka ótrúlega gott að fá mér ís og brjóta Nordic- eða Asiatic-hringinn yfir. Ég hef líka nýtt Nordic-hringinn í marenngstoppa sem ættu að vera með lakkrís og súkkulaði. Einnig hef ég bakað brownie og sett Nordic-hring í þá köku.“

Pop & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR



Gróður í borgum bætir heilsu

Skógar og heilsa er yfirskrift alþjóðlegs dags skóga 2023 en dagurinn er einmitt í dag. Af því tilefni býður Skógræktarfélag Reykjavíkur til fræðslugöngu um Kálfamóa við Keldur í Grafarvogi í kvöld.

sandragudrun@frettabladid.is

Í tilkynningu frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur segir að í Kálfamóa sé merkileg gróðurvin í borgarlandinu, með vöxtulegum og fjölbreyttum gróðri. Fyrstu trén voru gróðursett 1947, þegar Jóhann Pálsson, sem seinna varð garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, notaði orlofsfæ sitt til að kaupa þrjár sitkagreniplöntur. Hann var þá aðeins 15 ára en átti eftir að sinna svæðinu vel í yfir sex áratugi, en Jóhann lést nýverið 92 ára að aldri. Í gegnum tíðina bætti hann við mjög mörgum tegundum bæði trjáa, runna og annarra plantna svo úr varð ótrúlega fjölskrúðugt svæði með yfir 500 mismunandi tegundum.

Margrét Valdimarsdóttir, verkefnastjóri Viðburða hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, segir að Kálfamói sé einstakt gróðurlendi sem varð til á löngum tíma vegna framsýni eins manns.

„Nú er verið að undirbúa íbúa- byggð í landi Keldna og er það ánægjuefni að við fyrirhugaða uppbyggingu er lögð áhersla á að nýta og taka mið af náttúrugæðum svæðisins. Ómetanleg auðind er fólgin í Kálfamóa fyrir íbúa komandi hverfis enda eru jákvæð áhrif trjágróðurs og grænna svæða á lýðheilsu ótvíræð,“ segir hún.

„Svæðið í Kálfamóa er 3,5



Margrét Valdimarsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

MYNDIR/ADSENDAR

hektarar en til samanburðar er Klambratún 10 hektarar. Hér er um að ræða einstakt tækifæri til að flétta gróðurlendi sem er til staðar inn í íbúðabyggð.“

Vekja athygli á mikilvægi skóga Sameinuðu þjóðirnar útnefna 21. mars sem alþjóðadag skóga en dagurinn var fyrst haldinn árið 2012. Yfirskriftin er ólík á milli ára en hún tekur að þessu sinni mið af 3. heimsmarkmiðinu sem er „Heilsa og vellíðan“. Markmiðið

með deginum er að vekja athygli á mikilvægi skóga á heimsvísu og hvernig þeir tengjast ólíkum heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

„Á síðasta ári var tekið mið af 12. heimsmarkmiðinu „Ábyrg neysla og framleiðsla“. Þá bauð Skógræktarfélag Reykjavíkur gestum að kynna viðarvinnslu félagsins í Heiðmörk en þar er meðal annars unninn bæði eldi- viður og borðviður úr skóginum,“ segir Margrét. Hún segir mikilvægt



Kálfamói í Keldum er einstakt gróðurlendi.

að rækta tré í borg þar sem þau hafa margs konar jákvæð áhrif á umhverfi og líf borgarbúa.

„Trén mynda skjól og draga úr mengun, bæði hljóðmengun og efnamengun. Tré og runnar auka líffræðilega fjölbreytni í borgum meðal annars með því að vera heimkenni fugla og skordýra. Síðast en ekki síst ýtir trjágróður undir útivist og gerir hana skemmtilegri, hvort sem er vegna fjölbreyttara umhverfis eða vegna þess að gaman er að klifra í trjám.“

Margrét útskýrir að trjágróður hafi óáþreifanleg en margsönnuð heilsufarsleg áhrif á bæði andlega líðan og líkamlega heilsu.

„Til að mynda hefur verið sannað í erlendum rannsóknum að sjúklingum sem hafa útsýni yfir gróður batnar fyrr og að heilsufar er mælanlega betra í þeim borgarhlutum þar sem

gróðurfar er meira. Það er því til mikils að vinna að stuðla að því að gera svæði eins og Kálfamóa við Keldur í Grafarvogi aðgengileg fyrir borgarbúa því þannig fær fólk notið margra áratuga ræktunarstarfs og óviðjafnanlegs gróðurs.“

Skógræktarfélag Reykjavíkur býður til fræðslugöngu um Kálfamóa í kvöld en gangan hefst klukkan 18.00. Gangan er stutt og þægileg að sögn Margrétar. Hópurinn hittist á bilastæðinu við aðalinnangang tilraunastöðvarinnar að Keldum í Grafarvogi og öll eru velkomin.

Fræðslan er í höndum Samsonar Harðarsonar landslagsarkitekts, Hörpu Þorsteinsdóttur, verkefnastjóra í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg, og Aðalsteins Sigurgeirssonar og Þorsteins Tómassonar frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. ■

Minnka við sig vinnuna fyrir starfslok

Norðmenn sem eru að nálgast eftirlaunaaldur hafa breytt um takt fyrir starfslok. Í staðinn fyrir að hætta í fullu starfi 67 ára hafa þeir minnkað vinnuna áður og þannig dregið úr þeim áhrifum sem breytingin kann að valda.

elin@frettabladid.is

Norðmenn geta farið á eftirlaun 67 ára eins og Íslendingar. Það geta reynt mikil viðbrögð að hætta í vinnu og setjast í svokallaðan helgan stein. Sífelld fjölgar þeim Norðmönnum sem ákveða að minnka vinnuna áður en að starfslokum kemur. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu frá velferðarrannsóknarstofnuninni NOVA. „Fólk býr sig undir starfslokinn smátt og smátt með því að stytta vinnudaginn,“ segir Katharina Herlofson sem er einn rannsakenda á bak við skýrsluna í samtali við forskning.no.

„Síðan eru allmargir sem hætta ekki alveg í vinnu þótt þeir séu formlega hættir störfum. Þeir halda ákveðinni tengingu við vinnuna með sveigjanlegum vinnutíma,“ segir hún. „Skýringin gæti verið sú að eftirlaunin skerðast ekki þótt fólk haldi áfram að vinna. Það auðveldar fólk að vinna hlutavinnu og auka tekjur sínar.“ Katharina telur afar mikilvægt að halda þessum sveigjanleika í lífeyrkerfinu óbreyttum.

Það getur reynt mörgum erfitt að hætta einn daginn að vinna úti. Því getur fylgt ákveðinn tóm-



Samkvæmt nýrri rannsókn kjósa nú æ fleiri Norðmenn að minnka við sig vinnu áður en að starfslokum kemur. Fólk kys sömuleiðis að vinna lengur en til 67 ára en ekki í fullri vinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

leiki í lífinu. Öðrum finnst það vera frelsi að geta loksins gert allt sem mann langar til án þess að þurfa að vakna snemma og mæta til vinnu. Með því að gera fólk mögulegt að vinna hluta úr degi þegar eftirlaunaaldri er náð skapast tækifæri fyrir fólk að vera lengur virkt á vinnumarkaði.

Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð sýndi að fólk var ánægðara með lífið ef það fékk að vinna hluta úr degi sem lífeyrisþegi.

Það eykur ánægju fólks þegar það ákveður að hætta endanlega. „Fólk fær tækifæri til að venjast og aðlagast hinu nýju lífi með því að stytta vinnutímann fremur en að hverfa snögglega úr fullri vinnu,“ segir Katharina. „Þeir sem minnka við sig vinnuna fyrir starfslok eru lengur við störf heldur en hinir sem hætta 67 ára. Það er freistandi að vinna lengur þegar um hlutastarf er að ræða og þátttaka í atvinnulífinu getur

verið mikilvæg. Slíkt fyrirkomulag getur verið lýðheilsuáhrif en öllu skiptir að lífeyririnn sé ekki skertur við hlutastarf,“ segir hún.

Katharina bendir á að forsenda þessa fyrirkomulags sé að atvinnurekendur vilji hafa eldra fólk í vinnu. Jafnframt að þeir auðveldi fólk að minnka við sig vinnuna. „Það er auðvitað ekki hægt í öllum fyrirtækjum,“ bendir hún á. „Þeir sem hafa góða menntun eða eru stjórnendur

” Fólk sem er komið yfir sextugt upplifir sig miklu yngra heldur en aldurinn segir til um. Að minnsta kosti þeir sem eru við góða heilsu.

minnka frekar við sig vinnu og eiga auðveldara með það en hinir. Þar fyrir utan eru það frekar karlar en konur sem minnka vinnuna.“

Rannsakendur hvetja vinnuveitendur til að tryggja góð samskipti milli stjórnenda og starfsmanna þegar þeir nálgast starfslok. Nokkrir þeirra sem rætt var við lýstu yfir þörf á að stjórnendur væru sveigjanlegir með vinnutíma þegar fólk eldist og tækju tillit til aldurs og reynslu. „Fólk sem er komið yfir sextugt upplifir sig miklu yngra heldur en aldurinn segir til um. Að minnsta kosti þeir sem eru við góða heilsu.“

Vinnan er mikilvæg hjá mörgum en stundum vantar upp á að vinnuveitendur ræði það að gefa fólk möguleika til að minnka við sig vinnustundir. Ef fólk ákveður að hætta að vinna þarf það að hafa eitthvað annað fyrir stafni, áhugamál eru mikilvæg þegar fólk hefur náð eftirlaunaaldri. „Það getur tekið tíma að venjast nýju lífi,“ segir Katharina. ■

Nauðsynlegt að geta rætt um fordóma á íslensku



Martyna Karolina Daniel
sérfræðingur í fjölmenningsmálum hjá Borgarbókafninu

Þegar við ræðum fyrirbæri eins og fordóma, getur verið erfitt að skorta orð og þurfa sífellt að reiða sig á erlend hugtök í umræðunni. Hér fyrir neðan má finna gagnlegan orðalista þar sem nokkur hugtök sem birtast oft í umræðu um kynþáttafordóma eru útskýrð. Þessi listi var tekinn saman af Borgarbókafni í tilefni af árlegri Evrópuviku gegn rasisma sem nú er haldin 16.-29. mars.

Auk þessa hugtakalista sem má finna á íslensku og ensku á vef safnsins, hefur safnið einnig safnað saman bókameðmælum fyrir fulloröna og börn og skipuleggur einnig viðburð um hvernig hægt er að fá fleiri and-rasískar bækur þýddar á íslensku.



o.s.frv.) og vinnur með undirokudum hópum í baráttunni fyrir réttlæti.

Hvít forrættindi

Hvít forrættindi vísa í ótvírætt samansafn af ávinningi, kröfum, réttindum og tækifærum sem fólk hefur einungis áunnið sér vegna þess að það er hvítt. Fólk sem upplifir hvít forrættindi er yfirleitt ómeðvitað um að það hafi þau og áttar sig því sjaldnast á óréttlætinu sem blasir við öðrum. Að búa við hvít forrættindi þýðir ekki að fólk upplifi aldrei óréttlæti í lífinu, heldur einungis að það verður ekki fyrir barðinu á kynþáttafordómum.

Kynþáttafordómar

Fela í grunninn í sér þá trú hægt sé að áætla „eðli“ einstaklinga út frá þeim kynþáttum sem það er talið tilheyra. Kynþáttafordómar birtast sem rótgrónar hugmyndir, kerfisbundnir fordómar og einstaklingsbundin hegðun og birtist á margan mismunandi hátt í samfélaginu, svo sem í útilokun, mismunun, hatri eða ofbeldi gagnvart fólki vegna kynþátta þess.

Kynþáttur

Kynþáttur er félagslega tilbúið fyrirbæri, en ekki líffræðileg staðreynd. Vegna þess að kynþættir voru skilgreindir og settir fram sem

visindalegar fullyrðingar á sínum tíma, heldur margt fólk enn í dag að raunveruleg visindi séu að baki kynþáttum. Svo er ekki Lýsingar á kynþáttum hafa breyst í gegnum tíðina. Þó að kynþættir séu félagslegt fyrirbæri, en ekki líffræðilegt, hafa kynþáttaflokkarnir enn áhrif á líf fólks í dag.

Litblinda

Hér er ekki um að ræða litblindu í læknisfræðilegum skilningi, heldur er hér verið að vísa í það þegar fólk segist ekki sjá lit (eða hundsar lit), með því að segjast ekki sjá kynþætti til að sýnast ekki vera rasisti eða með kynþáttafordóma. Þá er því oft haldið fram að til þess að minnka mismunun þurfi einungis að koma eins fram við allt fólk, án þess að lita til kynþátta, menningar eða þjóðernisuppruna. Þetta viðhorf getur ýtt undir og viðhaldið mismunun því að hundsar hvernig kynþættir móta líf fólks og kynþáttafordómar skapa ójöfn tækifæri. Með því að leyfa kerfisbundnu óréttlæti að viðgangast, hefur litblinda orðið hinn „núi rasismi“. Litblinda tekur líka ekki til greina öll þau menningarlegu einkenni sem fólk metur og á skilið að séu viðurkennd og fagnað.

Meningarnám

Að taka upp, eigna sér eða nýta menningarþætti (eða kynþætti) ann-

arra – þar á meðal tákni, list, tungumál, síði o.s.frv. – til eigin nota, hagnaðar, skemmtunar eða framdráttar. Þetta er auk þess gert án skilnings, viðurkenningar eða virðingar fyrir gildi þess í upprunalegri menningu eða áhrifum menningarnámsins á jaðarsetningu minnihlutahópa. Menningarnám á sér oft stað án nokkurrar umhugsunar um stöðu þess hóps sem menningin vísar í innan samfélagsins. Oft er um að ræða hópa sem upplifa fordóma og jaðarsetningu í samfélaginu, gagnert fyrir það eitt að tilheyra þeirri menningu. Menningarnám á sér grunn í þeirri hugmynd að ríkjandi menning hafi rétt til að tileinka sér aðra menningarþætti án þekkingar á þeim.

Menningarfordómar

Menningarfordómar, stundum kallað nýrasismi, er hugtak sem hefur verið notað til að útskýra fordóma og mismunun sem byggir á menningarlegum mismun milli þjóðernis- eða kynþáttahópa. Þetta felur í sér þá hugmynd að sum menning sé öðrum æðri og að ýmsir menningarheimar séu í grundvallaratriðum ósamrýmanlegar og ættu ekki að vera til í sama samfélagi eða ríki. Þá eru óhaldbærir eiginleikar eins og menning, tungumál og trúarbrögð sett fram sem útskýring á „eðli fólks“ og réttlætning fyrir fordómum í þeirra garð. Í þessu eru þeir frábrugðnir kynþáttafordómum, sem vísa í fordóma og mismunun sem byggir á kynþáttalegri skilgreiningu fólks. Þessir fordómar eru oft nátengdir kynþáttafordómum því oft er ákveðið útlit tengt við ákveðna menningu, en geta líka verið óháðir útliti fólks.

Óræreiti

Þær hversdagslegu yrta, óyrta og óáþreifanlegu lítillsvirðingar, móðganir, hundsun eða dónaskapur sem gefa til kynna fjandsamlegt, niðrandi eða neikvætt viðhorf eða skilaboð til einstaklinga einungis vegna þess að þau tilheyra jaðarsettum hóp, hvort sem það er viljandi eða óviljandi gert.

Greinin er skrifuð á vegum Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur sem hluti af Evrópuviku gegn kynþátta-misrétti 16-29. mars. ■



Þegar við ræðum fyrirbæri eins og fordóma, getur verið erfitt að skorta orð og þurfa sífellt að reiða sig á erlend hugtök í umræðunni.



Miriam Petra Ómarsdóttir
Awad sérfræðingur og fræðsluaðili um fordóma

Afnýlenduæðing

Afnýlenduæðing er skilgreind sem virk andspyrna gegn nýlenduvelgunum og tilfærsla á yfirvaldi í átt til sjálfstæðis nýlenduþegna í pólitískum, efnahagslegum, menntunarlegum, menningarlegum og andlegum málum. Afnýlenduæðing á einnig við um að virkja kraftinn sem á uppruna sinn í eigin menningu innfæddra nýlenduþegna. Þetta ferli á sér stað í stjórnmálum en á einnig við um persónulegt og samfélagslegt niðurbrot á þeirri kúgun sem nýlenduveldin beittu þegna sína á andlegan og menningarlegan hátt, sem og í ofnotkun á landi þeirra og innrætingu í menntun þeirra.

And-rasisti

Það er ekki nóg að vera ekki rasisti, það þarf að vera and-rasisti. Einhver sem er andrasisti eða stundar andrasisma er einstaklingur sem styður andrasískar stefnur með því að styðja eða segja frá andrasískum hugmyndum. Þetta getur falið í sér að trúa því og segja frá því að ólíkir kynþáttahópar séu jafnir og þurfi ekki að þróast til að ná jafningjagrundvelli. Þetta felur einnig í sér að styðja stefnur sem draga úr kynþáttalegu óréttlæti.

Bandamanneskja

Einhver sem hefur það að markmiði og leggur sig fram við að þekkja sín eigin forrættindi (sem byggjast á kyni, stöðu, kynþætti, kynhneigð

Árið er 2030 og Íslandi hefur tekist að útrýma barnafátækt



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum

Þannig gæti forsiðufrétt hljómað – ef við viljum.

Ef árið væri 2030 væri ánægjulegt að geta birt eftirfarandi grein:

Ísland er fyrst landa Evrópu til að uppræta með öllu fátækt meðal barna (í landinu) og er þannig fyrirmynd annarra þjóða um að það sé hægt.

Fátækt er ekki náttúrulögmál og því settu íslensk stjórnvöld sér stefnu og áætlun árið 2023 um að vera búin að uppræta fátækt og félagslega einangrun á Íslandi fyrir árið 2030 og þar með uppfylla fyrsta markmið heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2015 og gott betur. Þar er kveðið á um að fækka skuli þeim sem búa við fátækt um að minnsta kosti helming fyrir árið 2030.

Barnaheill-Save the Children á Íslandi fagna því að nú búi öll börn á Íslandi við sömu tækifæri til menntunar, heilsu, velferðar,



öryggis og þátttöku. Öll búa þau við öruggan og heilsusamlegan húsakost með fjölskyldum sínum, þar sem stjórnvöld hafa tryggt uppbyggingu á félagslegri húsnaðisþjónustu. Öruggt húsnæði eru grundvallarmannréttindi og á ekki að lúta markaðslögmálum heldur er nú litið á slíkt sem þjónusta líkt og heilbrigðisþjónusta.

Barnaheill vilja þakka íslensku þjóðinni fyrir að hafa forgangsraðað þessu málefni undanfarin ár og allir sem aflögufærir voru hafa lagt sitt af mörkum í sameiginlega sjóði. Þess

vegna er nú hægt að veita öllum börnum gjaldfrjálsa menntun við hæfi til 18 ára aldurs og aðgengi að tómsundum við hæfi, menningu og listum og þar með að fá að þroska hæfileika sína, efla sjálfsmynd, eiga drauma og sjá þá rætast. Nú fá öll börn næringarríka gjaldfrjálsa máltíð í skólum og er það vel, enda hefur það tíðkast lengi í mörgum nágrannalanda okkar svo sem Finnlandi.

Barnaheill vilja sérstaklega þakka að biðlistum fyrir þjónustu við börn sem eiga við sálrænan eða

félagslegan vanda að stríða hefur verið eytt og er það mikið heilaskref í þágu velferðar barna og fjölskyldna þeirra. Eitt ár í lífi barns er langur tími og of stórt hlutfall af lífinu til að biða eftir þjónustu. Nú er geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn gjaldfrjáls enda er jafn mikilvægt að sinna slíku og öðrum heilsufarslegum áskorunum fljótt og vel. Þetta er eitt mikilvægasta skref sem stjórnvöld hafa tekið í þágu barna.

Árið 2023 bjuggu 13,1% barna við fátækt, eða á heimilum undir lágtekjumörkum og 24,1% íslenskra heimila bjó við skort. Helmingur þeirra heimila voru heimili einstæðra foreldra og 16,1% heimilanna voru heimili þar sem bjuggu að minnsta kosti tveir fullorðnir og börn. Barnaheill vilja þakka þann skilning sem stjórnvöld og almenningur hafa sýnt því að barnafjölskyldur hafa mikla greiðslubyrði



Fátækt er brot á mannréttindum barna og skerðir möguleika þeirra til heilsu og velferðar.

og því þurftu þær meiri stuðning. Með þeim stuðningi er tryggt að öll börn geta notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim ekki mismunad vegna stöðu þeirra, svo sem efnahagslegrar stöðu foreldra. Því er ánægjulegt að sjá að greiðslur til barnafjölskyldna hafa verið auknar og miða nú við framfærsluviðmið. Áður hétu þær greiðslur barnabætur en heita nú barnastyrkur sem vísar til þess styrkleika sem fjölskyldur geta búið yfir fái þær þann stuðning sem þær þurfa, félagslegan eða fjárhagslegan.

Að fjárfesta í börnum er fjárfesting til framtíðar fyrir samfélagið allt. Fátækt er brot á mannréttindum barna og skerðir möguleika þeirra til heilsu og velferðar.

Því miður á þessi grein ekki við núna, árið er 2023 og enn eiga 13,1% barna á Íslandi á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Það eru því um 10.000 börn sem ekki fá notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við getum breytt því ef við viljum.

Skrifaðu undir áskorun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um að uppræta fátækt meðal barna. ■

Hausverkur Arnars fyrir stóru stundina

Það líður senn að stóra prófi landsliðsþjálfarans Arnars Þórs Viðarssonar. Á fimmtudag hefur íslenska karlalandsliðið leik í undankeppni Evrópumótsins 2024 þegar það heimsækir Bosníu og Hersegóvínu í Zenica. Liðið er nú komið saman til æfinga í München.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Arnar Þór Viðarsson hefur haft í nægu að snúast frá því hann tók við sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta í lok árs 2020. Framan af voru margir af lykilmönnum liðsins fjarverandi af utanaðkomandi ástæðum. Nú hefur Arnar hins vegar endurheimt marga af lykilmönnum Íslands frá gullaldarskeiðinu svokallaða. Koma þeir inn í hóp spennandi ungra leikmanna sem fengu kallið í landsliðið skömmu eftir komu Arnars og í ljósi alls þess sem gekk á utan vallar. Það má því segja að Arnar hafi aldrei verið með sterkari íslenskan hóp í höndunum en nú þegar líður að undankeppni EM 2024 í Þýskalandi.

Auk Íslands og Bosníu eru í undanriðlinum Portúgal, Slóvakía, Lúxemborg og Liechtenstein, en Strákarnir okkar mæta einmitt síðastnefnda liðinu á sunnudag í öðrum leik sínum í undankeppninni. Tvö efstu lið undanriðilsins fara beint á EM í Þýskalandi og því ljóst að íslenska liðið á góðan möguleika á að komast þangað ef allt er eðlilegt.

Eitt af því sem margir velja fyrir sér í aðdraganda verkefnisins er það hvernig Arnar kemur til með að stilla upp byrjunarliði Íslands.

Vantar lykilmenn í Bosníu

Þó að hópur Arnars nú sé sterkur hafa skörð verið höggvin í hann í aðdraganda komandi leikja. Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson missir af leiknum gegn Bosníu þar sem hann er í banni. Sverrir Ingi Ingason missir bæði af leikjunum á fimmtudag og sunnudag.

Líklegt er að leikurinn gegn Bosníu verði sannkallað stríð á erfiðum velli og því dýrkeypt að missa menn eins og Aron og Sverri út þar.

Óvissa með vörn og miðju

Sem fyrr segir má búast við erfiðum leik í Bosníu þar sem baráttan verður í fyrirrúmi. Líklegt er að Arnar velji töluvert varnarsinnaðra byrjunarlið þar en gegn Liechtenstein á sunnudag.

Það verður áhugavert að sjá hvernig landsliðsþjálfarinn stillir upp vörn og miðju sinni í ljósi fjarveru Sverris og Arons. Sverrir er lykilmáður í hjarta varnarinn-



Þrjár mögulegar útgáfur af byrjunarliði Íslands gegn Bosníu

Rúnar Alex
Guðlaugur Victor - Daniel Leó - Hörður Björgvin - Davíð Kristján
Jóhann Berg - Aron Elis - Hákon Arnar
Arnór Sigurðsson - Alfreð Finnbogason - Jón Dagur

1

Rúnar Alex
Alfons Sampsted - Guðlaugur Victor - Hörður Björgvin - Daniel Leó
Jóhann Berg - Stefán Teitur - Hákon Arnar
Arnór Sigurðsson - Alfreð Finnbogason - Jón Dagur

2

Rúnar Alex
Alfons Sampsted - Daniel Leó - Hörður Björgvin - Davíð Kristján
Ísak Bergmann - Guðlaugur Victor - Hákon Arnar
Jóhann Berg - Alfreð Finnbogason - Jón Dagur

3

ar. Aron hefur einnig spilað þar í undanföllum leikjum en er að upplagi miðjumaður.

Guðlaugur Victor Pálsson gæti leyst stöður Arons og Sverris. Frá því að hann kom til DC United í Bandaríkjunum síðasta sumar hefur hann spilað sem miðjumaður, miðvörður og hægri bakvörður, en hann hefur töluvert spilað í bakverðinum með íslenska landsliðinu. Það er nær hægt að fullyrða að Guðlaugur Victor verður í byrjunarliði Íslands í Bosníu. Það verður hins vegar áhugavert að sjá hvar Arnar mun stilla honum upp.

Hvað sóknarlínuna og markvarðarstöðuna varðar er einfaldara að giska á hvaða leikmönnum Arnar teflir fram. Það er þó aldrei hægt að ganga að neinu vísu í þeim efnum. Alfreð Finnbogason er snúinn aftur í landsliðið og hefur verið að standa sig vel með Lyngby. Það má búast við því að hann leiði sóknarlinu Íslands í Bosníu. ■

Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari Íslands, hefur að mörgu að hyggja fyrir fyrstu leiki liðsins í undankeppni EM 2024.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

”

Líklegt er að leikurinn gegn Bosníu verði sannkallað stríð á erfiðum velli og því dýrkeypt að missa menn eins og Aron og Sverri út þar.

UTAN VALLAR

Gerum kröfur en leyfum spennandi landsliði að njóta vafans



Helgi Fannar Sigurðsson
helgifannar@frettabladid.is

skrifar frá München

Eins og fram kemur hér ofar á íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mikilvæga leiki fyrir höndum í undankeppni Evrópumótsins í Þýskalandi, sem fram fer á næsta ári.

Það verður að segjast eins og er að riðill Íslands er ákjósanlegur. Ísland er í dauðafæri á að komast aftur á stórmót. Landsliðsþjálfarinn, Arnar Þór Viðarsson, og aðstoðarþjálfarinn Jóhannes Karl Guðjónsson hafa heldur ekki farið leynt með það.

Portúgal mun án nokkurs vafa hlaupa burt með þennan undanriðil en annað sætið gefur þátttökurétt á EM og við ætlum okkur að taka það. Landslið Slóvakíu

og Bosníu og Hersegóvínu fara klárlega með sama hugarfarinn í keppnina. Á okkar degi eigum við hins vegar að geta haft betur gegn þessum liðum.

Íslenska landsliðið nú er frábærliga samsett. Ungir leikmenn hafa öðlast reynslu undanfarin ár eftir að þeir komu inn í liðið á miklum hraða og nokkrir af reynslumeiri mönnum eru komnir inn á ný. Vissulega er sárt að vera án lykilmannanna Arons Einar Gunnarssonar og Sverris Inga Ingasonar í fyrsta leik undanriðilsins gegn Bosníu. Þessi leikur hefði hentað þeim báðum frábærliga. Þrátt fyrir það ættum við að geta teflt fram mjög

”

Við eigum að gera kröfur á íslenska landsliðið í komandi leikjum, sem og í undankeppninni allri.

svo samkeppnishæfu byrjunarliði þar ytra og freistað þess að ná í hagstæð úrslit.

Eftir viðureignina við Bosníu ferðast íslenska liðið svo til Liechtenstein og mætir þar heimamönnum. Sá leikur á að vera algjört formsatriði fyrir Strákana okkar að klára og væri allt annað en sannfærandi sigur þar vonbrigði.

Við eigum að gera kröfur á íslenska landsliðið í komandi leikjum, sem og í undankeppninni allri. Kröfurnar koma til þar sem leikmenn liðsins eru margir hverjir að standa sig vel úti um allan heim og liðið er vel samsett.

Við eigum líka að vera spenn

fyrir þessu landsliði, vera jákvæð í garð þess og hvetja það til dáða.

Arnar Þór hefur átt erfitt uppdráttar frá því hann tók við sem landsliðsþjálfari af ýmsum ástæðum. Margar voru þær vegna einhvers sem hann hafði enga stjórn á. Það hefur vissulega gengið brösuglega að vinna fótboltaleiki undanfarir en nú er komið að stóra prófi hans. Það eru komandi leikir og undankeppni sem skipta máli.

Við vitum ekki hvernig fer í komandi leikjum gegn Bosníu og Liechtenstein eða hvernig liðið mun spila. Þangað til annað kemur í ljós skulum við hins vegar leyfa því að njóta vafans. ■

Atvinnutæki til sölu



VOLVO FH540

2019
117.000 km
19.9m plús vsk
Laus til afhendingar

Loft að aftan
Hiti í palli
Retarder
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



Scania R500

2019
103.000 km
19.5m plús vsk
Laus til afhendingar

Loft að aftan
Hiti í palli
Retarder
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



VOLVO FH540

2019
147.000 km
18.8m plús vsk
Laus til afhendingar

Loft að aftan
Hiti í palli
Retarder
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



Renault Master

2018 • 58.000 km
7,7m plús vsk
Til afhendingar
snemma í apríl.

Körfubíll - karfa fyrir
1 mann
Sendibíll fyrir verkfæri
og búnað. 9 metra karfa



Scania R650

2019 • 292.000 km
25.5 plús vsk
Til afhendingar
í byrjun apríl.,
Loft framan og aftan
Joab 2015 árg.
Vökvi f. flest / snjótönn
Malbikskassi (2016)
aukalega 3,9m plús vsk



Upplýsingar: Sigurður s. 699 2011 /
sigurdur.robertsson@gmail.com

MERKISATBURÐIR

- 1788** Eldsvoði í New Orleans veldur því að 856 af 1.100 byggingum bæjarins eyðileggjast.
- 1857** Jarðskjálfti í Tókýó í Japan verður yfir 100.000 manns að bana.
- 1871** Otto von Bismarck er kosinn fyrsti kanslari þýska keisaradæmisins.
- 1881** Frost mælist 40°C á Akureyri og var það met þennan vetur, sem var mikill frostavetur.
- 1921** Vladímír Lenín boðar nýju efnahagsstefnuna til að reyna að rétta af efnahag Sovétríkjanna.
- 1945** Bretar ráðast á skrifstofu Gestapo í Kaupmannahöfn en fyrir mistök verður skóli einnig fyrir árs.
- 1963** Einu frægasta fangelsi heims, Alcatraz fyrir utan San Francisco, er lokað.
- 1974** Forseti Alþingis tók við undirskrift 55 þúsund Íslendinga sem mótmæltu hugmyndinni um uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin.
- 1980** Jimmy Carter, forseti Bandaríkja, tilkynnir að Bandaríkin muni sniðganga Sumarólympíuleikana í Moskvu sama ár.
- 1990** Namibia fær loks sjálfstæði eftir 75 ár undir stjórn Suður-Afríku.
- 1999** Bertrand Piccard og Brian Jones verða fyrstu mennirnir til að ferðast hringinn í kringum hnöttinn um borð í loftbelg.
- 2006** Samfélagsmiðillinn Twitter er stofnaður.
- 2014** Rússneska ríkið innlimar Krímskaga opinberlega í Rússland.
- 2022** Flugvél China Eastern Airlines brotlendir í Guangxi, 132 farast.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, birtir iðulega mynd af sér í ósamstæðum sokkum á alþjóðlegum degi Downs. Hann fékk á dögunum afhent sokkpar og bol en formaður Downs-félagsins segir stuðning forsetans afar dýrmætan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Raddir einstaklinga með Downs eiga að heyrast

Alþjóðlegi Downs-dagurinn er haldinn hátíðlegur úti um allan heim í dag. Félag áhugafólks um Downs-heilkenni heldur daginn hátíðlegan en formaður félagsins segir mikilvægt að fólk með Downs fái að tjá skoðanir sínar.

kristinnpall@frettabladid.is

„Það verður gleði og gaman. Það hefur myndast hefð fyrir því alþjóðlega, og við hvetjum alla landsmenn til þess, að vera í ósamstæðum sokkum og sýna það stolt sem tákn fjölbreytileikans. Það eru ótrúlega margir sem taka þátt í þessum lifandi og skemmtilega degi. Þetta er lítið, en sýnilegur stuðningur sem sýnir samhug.“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, formaður Félags áhugafólks um Downs-heilkenni, en í dag er haldinn alþjóðlegi Downs-dagurinn. Í tilefni þess mun félagið standa að viðburði fyrir félagsmenn í Þróttarheimilinu þar sem Páll Óskar kemur og syngur.

Downs-heilkenni er eðlilega tilkomin litningasamsetning sem alltaf hefur verið til og er þekkt um heim allan, þvert á kynþætti, kynferði og félags- og efnahagslegar markalínur. Eitt af um það bil 800 börnum fæðist með Downs-heilkenni. Einstaklingar með heilkennið hafa aukaeintak af litningi 21, þrjá í stað tveggja, eða það sem kallað er „þrístæða 21“. Áhrif þessa viðbótarefnaefnis eru breytileg frá einum einstaklingi til annars.

Í rúman áratug hefur 21. mars verið tileinkaður fólki sem er með Downs-heilkennið frá því að Sameinuðu þjóð-



Við höfum öll raddir og skoðanir einstaklinga með Downs-heilkenni eiga að heyrast eins og annarra.



Guðmundur Ármann Pétursson, formaður Downs-félagsins

„Vertu með okkur en ekki fyrir okkur (e. with us not for us), í samfélagsþátttöku fólks með Downs-heilkenni, að rödd einstaklinga með Downs-heilkenni fái að heyrast en að ekki sé alltaf talað fyrir þau sem einstaklinga. Við höfum öll rödd og raddir og skoðanir einstaklinga með Downs-heilkenni eiga að heyrast eins og annarra.“

Félagið var stofnað fyrir rúmum aldarfjórðungi og vinnur gott og mikilvægt starf.

„Það hefur mikil aukning átt sér stað í vitundarvakningu um Downs-heilkennið, og það sem skiptir miklu máli um leið er að félagið minni á rétt fólks með Downs-heilkenni til lífs og til þess að vera virkir þátttakendur í samfélagi okkar.“

Guðmundur segir stuðning forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, afskaplega mikilvægan en forsetinn hefur veitt málstaðnum mikilvægt liðsinni.

„Hann hefur verið einstaklega vinsamlegur, hjálpsamur og mikill og góður stuðningsmaður okkar. Við getum aldrei þakkað honum nóg fyrir þann ómetanlega stuðning.“

Þetta verður í fyrsta sinn í langan tíma sem hægt er að halda daginn hátíðlegan, vegna heimsfaraldursins og segir Guðmundur mikla eftirvæntingu fyrir deginum.

„Það er komin gríðarleg eftirvænting, stemning og tilhlökkun. Ég veit ekki hversu margir koma í dag en það er komin uppsöfnuð þörf fyrir samveru eftir Covid. Það er langt síðan síðast, í fyrra vorum við alveg í endann á Covid og vildum ekki taka neina áhættu þá.“ ■

irnar tilkynntu að dagurinn yrði titlaður alþjóðlegi Downs-dagurinn.

„Þessi dagur hefur verið haldinn hátíðlegur frá árinu 2011, þá samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóra ályktun sem kom meðal annars inn á að Downs-heilkenni sé ekki galli heldur erfðabreytileiki sem hefur verið hluti af mannlegum breytileika frá örófi alda, og ber að virða. Þá var þessi dagur formlega viðurkenndur og árlega eru tekin fyrir svona mismunandi áhersluatriði sem einkenni dagsins,“ segir Guðmundur og segir áherslu ársins í ár að leyfa rödd fólks með Downs að heyrast.



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,
Hermann Ragnarsson
múrarameistari,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 17. mars sl.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 23. mars kl. 13.

Streymt verður frá athöfninni.

Sigurður Arnar Hermannsson **María Másdóttir**
Ásdís Arna, Emma og Jónatan
Helga Sigrún Hermannsdóttir **Alexander Guðmundsson**
Edda María Vignisdóttir **Jeppe Grønning Kielsen**
Snæfriður og Hekla
og bræður hins látna



Elskaður eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Stefán Ragnar Jónsson
hárskeri,

sem lést á Tenerife 8. mars, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 23. mars klukkan 15.

Anna Þórdís Bjarnadóttir
Ómar Stefánsson **Arnheiður Skæringsdóttir**
Hanna Sigríður Stefánsd. **Vilhjálmur Hörður Guðlaugs.**
Jón Þorgrímur Stefánsson **Kristín Ásta Matthíasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn



**&
MH**
MATUR & HEIMILI
með Sjöfn Þórðar

**ÞRIÐJUDAGA
KL. 19.00 OG
21.00**

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara. Áhorfendur fá innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnast matarmenningu, persónulegum stíl og hönnun hvers og eins.

ALLA ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00



HRINGBRAUT

SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 **Heilsubraut** Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu.
- 20.00 **Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 **Matur og heimili** (e)

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2018 (Akureyri - Kópavogur)
- 15.15 Með okkar augum
- 15.45 Kiljan
- 16.20 Menningarvikan
- 16.50 Veröld sem var
- 17.20 Sætt og gott
- 17.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 17.55 Tónatal - brot
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Pósturinn Páll
- 18.16 Jasmin & Jómibi
- 18.23 Drónarar
- 18.45 Krakkafréttir með táknmalstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 **Dagur núll** Heimildarmynd frá 2021 sem tekin var yfir þriggja ára tímabil og varpar ljósi á þá stigvaxandi umhverfisvá sem heiminum stafar af vegna skorts á vatni.
- 21.00 **Síðasta konungsríkið**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Kveikjupunktur.** Lana Washington er sprengjusérfræðingur hjá lögreglunni í Lundúnum. Hún hættir lífi sínu nánast daglega en þarf að gæta þess að eiga eðlilegt líf þegar hún stimplar sig út.
- 23.10 **Sæluríki** Leiknir þættir um breytingarnar í Stafangri þegar olían fannst fyrir utan bæinn og olíuævintýrið hófst.

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 **Tónlist**
- 12.00 **Dr. Phil**
- 12.43 **The Late Late Show**
- 13.22 **The Block**
- 14.14 **Love Island**
- 14.57 **Survivor**
- 15.41 **The Neighborhood**
- 16.20 **Að heiman - íslenskir arkitektar**
- 17.15 **Family Guy**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show**
- 19.10 **A.P. BIO**
- 19.40 **American Auto**
- 20.10 **Heartland**
- 21.00 **FBI**
- 21.50 **Love Island**
- 22.35 **The Man Who Fell to Earth**
- 23.25 **The Late Late Show**
- 00.10 **NCIS**
- 00.55 **NCIS. New Orleans**
- 01.40 **New Amsterdam**
- 02.20 **Good Trouble**
- 03.05 **Love Island**
- 03.50 **Tónlist**
- 07.55 **Heimsókn**
- 08.20 **The Bold Type**
- 09.00 **Bold and the Beautiful**
- 09.20 **Blindur bakstur**
- 10.00 **Punky Brewster**
- 10.25 **Fyrsta blikið**
- 11.00 **Home Economics**
- 11.25 **Simpson-fjölskyldan**
- 11.45 **Franklin & Bash**
- 12.25 **Skreytum hús**
- 12.40 **Amazing Grace**
- 13.30 **Backyard Envy**
- 14.10 **Margra barna mæður**
- 14.40 **The Masked Dancer**
- 15.45 **Hið blómlega bú**
- 16.15 **Rax Augnablik**
- 16.20 **Race Across the World**
- 17.20 **Franklin & Bash**
- 18.05 **Bold and the Beautiful**
- 18.25 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakkinn**
- 19.00 **Ísland í dag**
- 19.10 **Jamie's One Pan Wonders**
- 19.35 **Hell's Kitchen** Íslandsvinurinn Gordon Ramsay tekur á móti nýjum hópi vongóðra kokka sem keppa um titilinn Meistarakokkur. Að þessu sinni er keppnin milli ungra og aldnra.
- 20.20 **S.W.A.T.**
- 21.00 **Magnum P.I.**
- 22.05 **The Righteous Gemstones**
- 22.45 **Unforgettable**
- 23.25 **Family Law**
- 00.10 **The Resort**
- 00.40 **Agent Hamilton**
- 01.25 **The Bold Type**
- 02.05 **Punky Brewster**
- 02.30 **Home Economics**
- 02.50 **Amazing Race**
- 03.40 **The Masked Dancer**

STÖÐ 2

Sjöfn heimsækir einstakt hús í Mosó

Sjöfn heimsækir tónlistarkonuna og nýbókuðu móðurina Gretu Salóme í Mat & heimili á Hringbraut í kvöld, en hún og maður hennar Elvar fjárfestu í fokheldu húsi á einstökum stað í Mosfellsbænum fyrir liðlega tveimur árum sem þau hafa gert að sínu með glæsilegri útkomu. Í þættinum kikir Sjöfn líka í eins árs afmælisfögnuð Mabrúka á veitingastaðnum Sumac sem er fyrirtæki sem framleiðir krydd. ■



SKÁK

Hvítur á leik



Justin Tan (2.503), Taflfélag Garðabæjar, átti leik gegn Birni Þorfinnsyni (2.365), Víkingaklúbbnum, í Kvíkudeild Íslandsmóts skákfélaga.

28. Rf5! 1-0. 28... Df6 er svarað með 29. Hh3 Dh8 30. Re7#. Taflfélag Garðabæjar varð Íslandsmeistari eftir ótrúlegan 7½-½ sigur á Víkingaklúbbnum í lokaumferðinni. Víkingar máttu tapa 2½-5½ en ekki alveg svona stórt. Víkingaklúbburinn varð í öðru sæti og Taflfélag Reykjavíkur í því þriðja. Skákeild Breiðabliks féll niður í 1. deild.

www.skak.is. Íslandsmót skákfélaga.

KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
1 blaður
5 óvild
6 spil
8 hætta
10 íröð
11 fálmm
12 tegund
13 fokrondur
15 efnismagn
17 dok

- LÓDRÉTT**
1 fallvaltur
2 heiti
3 einkar
4 upprifinn
7 alls
9 fyrirhuga
12 ýmist
14 reiðubúinn
16 utan

smátals, 9 áformi, 12 sumti, 14 fús, 16 áh.
LÓDRÉTT: 1 skammær, 2 nafn, 3 all, 4 kátur, 7 furr, 12 sort, 13 æfur, 15 rúmumál, 17 stans.

SUDOKU

3	1		5					
	9				4	8	6	
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
				7	1		5	
1								

	2		3					9
			6					7
			9	2	4			6
					5	3		
9			4	1	8			
7			9				8	2
		4					7	1
	7						8	
3	1							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tví-taka neina tölu í röðinni.

PONDUS

Eftir farsæl 40 ár sem kennari í grunnskóla veistu væntanlega sitthvað um hvað virkar og hvað virkar ekki í skólakerfinu?

Já, heldur betur!

Já? Hvernig lítur hinn fullkomni skóli út í þínum augum?

Ég fæ sýn! Ég sé fyrir mér skóla án allra ... nemenda!

Án nemenda?

Sagði ég nemendur? Hahahahaha. Ég meinti nemendur! Hahahahaha!

Ljóta ruglið!

Er einhver önnur leið til að þola 40 ár í grunnskóla? Þessari konu ætti að hampa sem snilling!

FRÓDE ÖVERLI

Sunnanvindur

— Eftirlætislög Íslendinga —

Salurinn Kópavogi 14. apríl

Hof Akureyri 15. apríl

Grétar Örvarsson · Ragnheiður Gröndal · Karl Örvarsson
Ásta Soffía Þorgeirsdóttir · Eiður Annarsson · Sigfús Óttarsson
Þórir Úlfarsson · Haukur Gröndal · Pétur Valgarð Pétursson

Míðasala á Tix.is og Salurinn.is

Hvernig hljómar það sem þú sérð?



Beltone Imagine™ – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Íslandsklukkan sekkur



Þorvaldur S.
Helgason
tsh

@frettabladid.is

LEIKHÚS

Íslandsklukkan Þjóðleikhúsið í samstarfi við Elefant

Leikarar: Davíð Þór Katrínarson, Jónmundur Grétarsson, María Thelma Smáradóttir, Hallgrímur Ólafsson, Ernesto Camilo Aldazábal Valdés og Bjartur Örn Bachmann
Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarsson
Dramatúrg: Bjartur Örn Bachmann
Aðstoðarleikstjóri: Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir
Leikmynd og búningar: Guðný Hrund Sigurðardóttir
Tónlist: Unnsteinn Manuel Stefánsson
Leikgerð: Bjartur Örn Bachmann, Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir, Þorleifur Örn Arnarsson, leikhópurinn
Ljósahönnun: Ásta Jónína Arnardóttir, Guðmundur Erlingsson
Sviðshreyfingar: Ernesto Camilo Aldazábal Valdés

Íslandsklukkan er eitt af lykilverkum Halldórs Kiljan Laxness og sem slík kyrfilega rituð í kanónu íslenskrar bókmenntasögu. Það er aðeins eðlilegt að slíkt verk sé endurnýjað fyrir leiksviðið með hverri nýrri kynslóð listamanna enda fjallar það um sjálfan þjóðarfinn og þar er spurt stórra spurninga um hvað það er að vera þjóð. Íslandsklukkan hefur þó ekki verið sett á svið í rúman áratug, frá því Benedikt Erlingsson leikstýrði uppfærslu í tilefni 60 ára afmælis Þjóðleikhússins 2010.

Nú er komið að leikhópnum Elefant að takast á við þennan döðrant Nóbelskaldsins undir stjórn leikstjórans Þorleifs Arnar Arnarssonar í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Elefant er leikhópur sem er að grunninum til skipaður ungum íslenskum leikurum af blönduðum uppruna og hljómaði rannsóknarspurning þeirra eins og spennandi nálgun á skáldsögu sem fjallar um sjálfa þjóðarsálina.

Á vefsíðu Þjóðleikhússins stendur meðal annars um Elefant: „Í gegnum skapandi vinnu með Íslandsklukkan rannsaka þau stöðu sína í samfélaginu út frá Íslandssögunni, þjóðarfinnum og menningarlegum uppruna sínum.“

En listrænar tilraunir heppnast ekki alltaf sem skyldi og þótt Elefant reyni að draga tæplega 80 ára gamalt verk Halldórs Laxness inn í fjölmenningu nútímans þá er fátt í uppsetningunni sem ber því vitni að leikaraválinu fráttöldu.

Skortur á mannlegri tengingu

Sögu svið Íslandsklukkunnar er umfangsmikið en hið mannlega drama bókariðnar hverfist að mestu um dauðadæmdan ástarþríhyrning Arnasar Arnæusar (skálduð útgáfa handritasafnarans Árna Magnússonar), Snæfríðar Íslandssólar og eiginmanns hennar, Magnúsar í Bræðratungu. Þau eru leikin af Jónmundi Grétarssyni, Maríu Thelmu Smáradóttur og Davíð Þór Katrínarsyni og er það óneitanlega sterk gjörð að láta þrjá leikara af blönduðum uppruna túlka þessar lykilpersónur íslenskrar bókmenntasögu.

Þrátt fyrir að Jónmundur eigi góða spretti í byrjun verksins og María sé sannfærandi í loka-senunni er eins og alla mannlega tengingu skorti í samband þeirra þriggja og ekkert þeirra virðist ná að sitja almennilega í persónu sinni. Davíð Þór er með sterka sviðsframkomu og gaman hefði verið að sjá hann umbreytast í hinn aumkunarverða og ógeðfella Magnús í Bræðratungu sem



María Thelma og Davíð Þór fara með hlutverk Snæfríðar Íslandssólar og Magnúsar í Bræðratungu í Íslandsklukkan.

MYND/UNNSTEINN MANUEL



Þótt Elefant reyni að draga tæplega 80 ára gamalt verk Halldórs Laxness inn í fjölmenningu nútímans þá er fátt í uppsetningunni sem ber því vitni.

selur eiginkonu sína fyrir brennivínskút. Túlkun Davíðs er þó ekki nógu sannfærandi, ofbeldisfullur drykkjuskapurinn virkar handahófskenndur og ekki nógu vel undirbyggður sálfræðilega.

Hvunnagshetjan Hreggviðsson

Eftirminnilegasta persóna Íslandsklukkunnar er án efa kotbóndinn Jón Hreggviðsson sem dæmdur er til dauða fyrir meint morð á böðlinum Sigurði Snorrasyni. Jón er fulltrúi alþýðunnar í sögu Laxness, í senn andhetja og hvunnagsmaður, sem verður leiksgögnur yfirstéttarinnar á sama tíma og hann berst fyrir réttlæti sínu.

Hallgrímur Ólafsson fer með hlutverk Jóns og gerir það frábærla þrátt fyrir ýran efnivið uppsetningarinnar. Hallgrímur sýnir enn og aftur að hann er fullkominn í hlutverki meðalmannsins og búningur hans, gul fótboltatreya merkt Íþróttabandalagi Akraness, minnir óneitanlega á persónu Hallgríms úr Áramótaskaupinu, seinheppna knattspyrnuáðáandann Magnús Magnús Magnússon, á sama tíma og hún vísar í heimabæ Jóns, Rein á Akranesi.

Grunnvandi sýningarinnar

Þetta búningaval er einnig til vitnis um grunnvanda sýningarinnar sem er sá að þrátt fyrir metnaðarfull fyrirheit er í raun ekkert nýtt gert við efniviðinn. Þegar Jón Hreggviðsson heimsækir Arnas Arnæus í Kaupmannahöfn er sá síðarnefndi einnig



Hallgrímur Ólafsson er frábær í hlutverki Jóns Hreggviðssonar.

MYND/ÁRNI BEINTEINN

klæddur í fótboltatreju, í þetta sinn bláa landsliðstreyju. Þetta mætti túlka sem vísun í knattspyrnuferil Jónmundar eða sem birtingarmynd á stéttaskiptinu þeirra, Jón Hreggviðsson sem fulltrúi knattspyrnufélags á landsbyggðinni og Árni sem fulltrúi sjálfs landsliðsins.

Ekkert er þó unnið meira með þetta og sama er uppi á teningnum þegar Ernesto Camilo, sem er kúbverskur innflytjandi, býður Jón Hreggviðsson velkominn á spænsku í hlutverki Jóns Grindvicensis. Loforð Elefant um sýningu sem rannsaka stöðu blandaðra Íslendinga og innflytjenda og takist á við þjóðarfinn eru hvergi til lykta leidd og það er eins og hópnun hafi fatast flugið.

Það er einna helst í óvæntu og líkamlegu dansverki Ernesto undir lok verksins sem eitthvað nýtt gerist en atriðið virkaði þó hálfpartinn eins og það ætti heima í annarri sýningu.

Eitt af fáum augnablikum sýningarinnar þar sem leikhópurinn ávarpar hin meintu samfélagslegu umfjöllunarefni er þegar Snæfríður Íslandssól spyr Jón í matarboði yfirstéttarinnar: „Æ ert það þú Jón Hreggviðsson; mig minti þú hefðir verið svartur?“ sem skilaði sér í hlátri áhorfenda. En í stað þess að senan verði beitt ádeila á stéttaskiptingu og kynþáttahyggu þar sem blandaðir broddborgarar málaðir hvítir í framan og klæddir í skærbleikar hárkollur gæða sér græðgislega á eplum þá verður hún eins konar groddaleg skopstæling.

Gloppótt leikgerð

Erfitt er að skera úr um hvort er við leikstjórnann eða leikgerðina að sakast en þó er ljóst að hún er nokkuð gloppótt enda sleppir hún algjörum lykilsenum í sögunni eins og brunanum mikla í Kaupmannahöfn þegar stór hluti handrita Árna Magnússonar brann til kaldra kola.

Leikstjórnin er að sama skapi ekki nógu þétt og er þetta langt frá því að vera besta verk Þorleifs Arnar sem hefur áður unnið stórvirki upp úr bókum á borð við Engla alheimsins og Njálu. Hér sjást fá af höfundar-einkennum Þorleifs ef frá er skilin grótesk og maximalísk fagurfræði og leikgleðin og sprengikrafturinn sem einkennt hefur fyrri sýningar hans er víðs fjarri.

Búningar Guðnýjar Hrunnar Sigurðardóttur eru skemmtilegir eins og pappírskjöllinn sem Snæfríður Íslandssól klæðist og er rifinn í tætlur af Magnúsi í Bræðratungu. Sviðsmyndin er bæði kaotísk og samtíningsleg en notkunin á sviðspöllum er skemmtileg. Um tónlistina sér Unnsteinn Manuel Stefánsson sem lifgar upp á sýninguna þótt lítið fari fyrir henni.

Á einum stað í sýningunni segir Jón Hreggviðsson að Ísland sé sokkið (í bókinni er það Jón Marteinsson) og því miður sekkur Íslandsklukkan í uppsetningu Elefant einnig.

NIÐURSTAÐA: Þrátt fyrir frumleg og spennandi fyrirheit fatast Íslandsklukkan flugið.

LOKSINS!

Matarkjallarinn hefur opnað
aftur fyrir gesti og gangandi
í mat og drykk!

*Lifandi píanótónlist öll kvöld
Matur fyrir líkamann
Tónlist fyrir sálina*

**FOOD
CELLAR**
**MATAR
KJALLARINN**

Aðalstræti 2, 101 Reykjavík | S. 558 0000 | matarkjallarinn.is

Einstakt þrekvirki á fjölmennustu Nótuhátíðinni

Fimm hundruð börn fluttu tónlist í Hörpu um helgina. Lokaviðburðurinn var frumsamið verk sem á annað hundruð barna tóku þátt í að skapa. Unnið er kerfisbundið að auknum þætti barna í húsinu.

bth@frettabladid.is

Óhætt er að segja að vel hafi tekist til þegar 132 nemendur úr fjölmörgum tónlistarskólum víða um land fluttu í Hörpunni síðastliðinn sunnudag nýtt tónverk sem hópurinn samdi saman. Óð til tónlistar.

Verkið var lokaviðburður Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskólanna. Áhorfendur létu sér ekki nægja að fagna börnunum og Sigrúnu Sævarsdóttur-Griffiths, aðalleiðbeinanda sem stjórnaði flutningnum skörulega í lok tónleikanna, heldur tók salurinn þátt í verkinu með söng.

Sigrún Grendal tónlistarkennari er potturinn og pannan í skipulagningu Nótunnar. Hún segir hátíðina hafa verið þá umfangsmestu frá upphafi.

„Þetta er langfjölmennasta hátíð okkar frá upphafi, það voru hátt í 500 krakkar sem komu fram.“

Sigrún segist þakklát öllum sem komu að, ekki síst starfsfólki Hörpu. Um ræðir alls tólf tónleikaviðburði, ótal vinnustofur og lokaatriði sem áhorfendur hafa sagt í samtölum við Fréttablaðið að muni ekki gleymast.



Nótuhátíðin í ár var sú langfjölmennasta frá upphafi en þar komu fram hátt í fimm hundruð krakkar.

„Ég er hreinlega dolfallin yfir því hvað við eigum flotta krakka,“ segir Sigrún.

Spurð hvernig henni hafi líðið á hliðarlínunni þegar flutningur hins fjölmenna lokaatriðis fór fram, segir Sigrún:

„Mig langaði að dansa, ég sveif og brosti út að eyrum. Það er þrekvirki hjá nöfnu minni Sigrúnu að ná svona ótrúlega miklu út úr krökk-

unum á knöppum æfingatíma. Mér finnst Sigrún einstök, hún er sérlega verðmæt manneskja.“

Nótan hefur verið haldin frá 2010. Sjaldan hefur reynt eins mikið á sköpunarkraft nemenda og í ár. Margar fjölskyldur utan af landi þurfa að leggja töluvert á sig en afraksturinn er gleði. Til marks um metnaðinn og kraftinn má nefna að sum börn mættu í hljóð-

prufu í Hörpu fyrir klukkan átta á sunnudagsmorgun.

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, segir að gaman hafi verið að sjá tónlistarskólana blása aftur til hátíðarinnar eftir Covid-hlé.

„Ég hef sjaldan vitað annað eins líf og fjör baksviðs, það ómaði allt af tónlist og kátínu barnanna. Okkur þykir sannast sagna mjög vænt um þennan viðburð.“



Ég er hreinlega dolfallin yfir því hvað við eigum flotta krakka.



Sigrún Grendal, tónlistarkennari

Svanhildur segir það markvissa stefnu að opna Hörpuna upp á gátt fyrir börnum þannig að þau geti skapað, tekið þátt og uppgötvað töfra tónlistarinnar – enda sé tónlistarmúsín Maxímús Músíkús innblásturinn í barnastarfinu.

Hún nefnir Hljóðhimna, sem er nýtt rými fyrir börn og fjölskyldur og fagnaði árs afmæli um helgina, árvissa Barnameningarhátíð í Reykjavík, Big Bang-hátíðina, Upp-taktinn – tónsköpunarverðlaun unga fólksins, þátttökusmiðjur, leiðsagnir og leiksýningar. Þetta sé allt til viðbótar við framúrskarandi barna- og uppeldisstarf Sinfóníu- hljómsveitar Íslands. ■



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

SJÁLFBÆR REKSTUR

Miðvikudaginn 29. mars gefur Fréttablaðið, í samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð, út sérblaðið Sjálfbær rekstur.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Jóhann Waage, sími 550-5656 /waage@torg.is



Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths er sögð hafa unnið þrekvirki á sunnudag þegar hún leiddi 132 börn og heilan Eldborgarsal í gegnum frumflutt verk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Blásturshljóðfærin voru munduð í öllum sínum fjölbreytileika.



Nótan hefur verið haldin frá árinu 2010 en aldrei með sama móti og í ár.



CHRIS
PINE

MICHELLE
RODRIGUEZ

REGÉ-JEAN
PAGE

JUSTICE
SMITH

SOPHIA
LILLIS

AND HUGH
GRANT

DUNGEONS & DRAGONS

HONOR AMONG THIEVES

KEMUR Í BIÓ 31. MARS

FORSÝND 24-26 MARS



Hönnuðirnir Rakel Sólrós Jóhannsdóttir og Þórdís Claessen hjá 66°Norður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krafturinn í sjónum innblástur

lovisa@frettabladid.id

Hönnuðirnir Rakel Sólrós Jóhannsdóttir og Þórdís Claessen hjá 66°Norður eiga heidurinn af Mottumarssokkunum í ár, þar sem brimrótt hafsin er í aðalhlutverki.

Þær segja að þær hafi sótt innblástur sinn í hafið sem á sér beina tengingu í arfleifð 66°Norður en frá stofnun vörumerkisins árið 1926 á Suðureyri hefur klæðnaður þess veitt Íslendingum skjól í súdda og súld.

„Þetta er okkar erfðaefni, og erfðaefni og grunnur fyrirtækisins. Þetta er okkur mjög hugleikið og það er ákveðinn kraftur í sjónum. Við höfum dregið upp úr sjónum okkar lífsbjörg.“ segir grafíski hönnuðurinn Þórdís en Rakel er fatahönnuður.



Sokkarnir eru fánlegir í verslunum víða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Innblásturinn kom auðveldlega til okkar, varðandi okkar sögu og hvernig sjórinn tengist þar inn í er eins eðlislegt og fyrir hvern annan Íslending.“ bætir Þórdís við.

Sokkarnir eru bláir, hvítir og rauðir og vísar rauði liturinn í baujur á úthafi en tvíeykið notaði fánalitina sem litapallettu, líkt og hefð hefur myndast fyrir þegar kemur að Mottumarssokkunum.

„Hællinn, rauða baujan í ólgusjónum, er svolítið vegvisirinn. Það er eitthvað sem sjómenn og Íslendingar þekkja vel. Þegar þeir sjá baujuna eru þeir á réttum stað. Þetta er áminning um að halda utan um heilsuna, og að vita að maður er á réttri leið.“ segir Þórdís að lokum.

Mottumars, árlegt árvekni- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélagsins, er tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum. Sokkarnir eru fánlegir í verslunum og á veg Krabbameinsfélagsins. ■

Veðbankar í ruglinu með lagið Power

Laginu Power er ekki spáð upp úr seinni undanriðlinum samkvæmt veðbönkum en er þó spáð betra gengi en flestum lögum sem etja kappi við það þegar heildin er skoðuð. Því þarf trúlega ekki að hætta við undirbúninginn fyrir stórt Eurovision-partí 13. maí.

benediktboas@frettabladid.is

Eurovision World, sem reiknar saman spár allra helstu veðbanka fyrir Eurovision-söngvakeppnina, spáir laginu Power, sem Diljá Pétursdóttur flytur, í fjórtánda og þriðja neðsta sæti í síðari riðli Eurovision-keppinnar. Það myndi þýða að lagið færi ekki áfram á úrslitakvöldið.

Kosningakerfinu í Eurovision hefur verið breytt en stærsta breytingin er að nú munu einungis atkvæði áhorfenda gilda í undanúrslitakeppnunum tveimur, í stað þess að þær séu helmingaðar með atkvæðum dómnefndar eins og verið hefur áður. Þá mun allur heimurinn geta kosið í fyrsta sinn en hingað til hafa einungis þátttökupjóðir getað kosið. Það þýðir að Norðmenn, Svíar og jafnvel Finnar, sem hafa oftast ekki verið okkur hliðhollir í stigagjöf geta engu að síður kosið Power. Svo það er trúlega ekkert að marka veðbankana og undirbúningur fyrir vorboðann ljúfa, risastórt Eurovision-teiti á lokakvöldinu 13. maí, getur haldið áfram af fullum þunga.

Lagið Power hefur fengið mikið lof erlendra Eurovision-sérfræðinga og hefur Diljá verið á tölurðu flugi síðan hún vann Söngvakeppnina hér á Fróni. Alls eru 16 þjóðir í síðari riðlinum og er Austurríki spáð upp úr riðlinum með lagið sitt, Who the hell is Edgar, sem er alveg stórgott og skemmtilegt lag. Jafnvel að dansinn í laginu muni festast við sumardjammið hér heima. Armenum er einnig spáð góðu gengi með Future Lover.

Þegar veðbankarnir eru skoðaðir nánar má sjá að Diljá er spáð neðar en til dæmis Kypur, Slóvenum og Litáum á síðara kvöldinu. Þegar heildin er skoðuð er Ísland langt fyrir ofan þessar þjóðir enda með mun betra lag og ef Diljá neglir sviðsframkomuna eru henni allir vegir færir.

Samkvæmt nýju reglunum mun atkvæðagreiðsla fara fram í gegnum netið og munu þeir sem vilja kjósa þurfa að skrá kreditkort frá sínu landi. Verður svo þeim stigum splæst saman og talin saman líkt og um eina þjóð væri að ræða.



Diljá Pétursdóttur mun flytja lagið Power þann 11. maí á stóra sviðinu í Liverpool.

MYND/MUMMI LÚ



Við erum heppin með riðil, finnst mér. Ekki að það þurfi því við erum með frábært lag. En við erum örugg áfram. Ég er sannfærð um það.



Inga Rós Vatnsdal

Inga Rós Vatnsdal, sem stýrir Facebook-hópnum Júrövisjón 2023, segir að það verði fróðlegt að sjá hvað reglubreytingarnar um stigin muni gera. „Maður vill jú eiginlega alltaf lenda í riðli með Norðurlöndunum og Eistum til að eiga einhverja vini. En það skiptir ekki

máli lengur og það er kannski bara fínt,“ segir hún.

Inga segist fara sjálf fram og til baka varðandi hvort þessar breytingar á stigagjöfni séu til góðs eða ekki. En eitt sé víst; þetta verði mjög spennandi að sjá. Þá telur hún engar líkur á að Diljá fljúgi ekki inn í úrslitin. „Við erum heppin með riðil, finnst mér. Ekki að það þurfi því við erum með frábært lag. En við erum örugg áfram. Ég er sannfærð um það.“

Inga er á því að Loreen fari með sigur af hólmi en henni hefur verið spáð velgengni frá því hún tilkynnti að hún myndi snúa aftur á stóra sviðið. Reyndar er Finnum og Norðmönnum einnig spáð góðu gengi. „Það er nú það skemmtilega við þessa keppni að maður veit aldrei hvað gerist. Og þetta er bara spá hjá veðbönkum,“ segir Inga. ■

Spá Eurovisionworld

- 1 Austurríki
- 2 Armenia
- 3 Georgía
- 4 Ástralía
- 5 Slóvenía
- 6 Kypur
- 7 Eistland
- 8 Litáen
- 9 Grikkland
- 10 Belgía
- 11 Pólland
- 12 Albanía
- 13 Danmörk
- 14 Ísland
- 15 Rúmenía
- 16 San Marínó

Who The Hell Is Edgar? spyrja þær Teya og Salena frá Austurríki.



Skráning á sumarnámskeiðin hafin

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefjast:

- 10 til 12 ára 12. júní 9.00 -13.00 átta virka daga í röð
- 13 til 15 ára 12. júní 13.30 - 17.00 níu virka daga í röð
- 16 til 19 ára 9. ágúst 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
- 20 til 25 ára 1. júní 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_031323

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

25.
MARS



TIX.IS

JAKOB FRÍMANN ER

JACK MAGNET

Gull
OKKAR BJÓR
LITILL
2,25%
ALCOHOL

FRAM KOMA

STUÐMENN — VALDIMAR OG FJÖLDI FRÁBÆRRA FLYTJENDA

TÓNLEIKAUPPLIFUN Á AÐSTA
PLANI MANNLEGRAR
SKYNJUNAR!

Hið goðsagnakennda tónverk Jack Magnet, sem Jakob Frímann Magnússon sendi frá sér við upphaf níunda áratugarins, verður flutt í heild sinni í fyrsta sinn hér á landi laugardaginn 25. mars á sviði Bæjarbíós í Hafnarfirði.



EINVALALIÐ
LISTAMANNA!

Valdimar Guðmundsson, Dísu Jakobs, Eyþór Gunnarsson, Jóel Pálsson, Guðmundur Pétursson, Róbert Þórhallsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson o.fl. — ásamt Jakobi Frímanni.



BAKÞANKAR

Kristbjargar
Þórisdóttur



Heiðursverðlaun

Í síðustu viku var ég á Sálfræðiþingi þar sem sálfræðingar hittast, bera saman bækur sínar og kynna sér nýjustu rannsóknir og framþróun í faginu. Það er ánægjulegt að sækja Sálfræðiþing og hitta samferðafólk og góða vini.

Eitt af því sem gert er á þinginu er að veita heiðursverðlaun. Í ár var það dr. Eiríkur Örn Arnarson, sérfræðingur í klínískri sálfræði og prófessor emeritus, sem hlaut þau. Hann á að baki langan og farsælan feril sem klínískur sálfræðingur, rannsakandi og kennari. Eitt af því sem Eiríkur hefur sérstaklega látið sig varða er þróun forvarnarnámskeiðsins Hugur og heilsa til að fyrirbyggja þunglyndi hjá ungu fólki. Úrræðið hefur verið rannsakad í skólum hérlendis, í Portúgal, Grikklandi og Svíþjóð.

Það er viðeigandi að heiðra þau sem ganga á undan með góðu fordæmi, leggja til mikla vinnu og ryðja brautina fyrir aðra. Að mínu mati ættum við að gera jafnvel meira af því að veita heiðursverðlaun á öllum sviðum samfélagsins. Jafnvel innan fjölskyldna er mikilvægt að heiðra þau sem hafa lagt grunninn að þeirri velsæld sem fólk býr við, hvort sem það er efnislega eða með öðrum hætti. Því miður gleymum við stundum að meta þau eldri og lífsreindari.

Foreldrar mínir skildu til dæmis eftir sig fjórar dætur, átta barnabörn, hús sem þau höfðu unnið hörðum höndum fyrir og mikla visku og lífsreynslu sem þau miðluðu til okkar systranna. Eitt það síðasta sem faðir minn sagði var að ljósið væri lífsins neisti. Í þeim orðum felst mikil viska. Takk, mamma og pabbi, og takk, dr. Eiríkur Örn. ■



Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin
Ólís Ánanaustum
Nettó Granda
N1 Hringbraut
Krambúðin Skólavörðustíg
BSÍ
Bónus Kjörgarði
Bónus Fiskislóð
Kránan Granda
Kránan Hallveigarstíg

102

Háskóli Íslands
Reykjavíkurlflugvöllur

103

Kringlan
Bónus Kringlunni
Kránan Austurvei
Bakameistarinn Austurvei

104

Glæsibær
Ólís Sæbraut
Ólís Álfheimum
N1 Klettagörðum
Iceland Glæsibæ
Húsasmiðjan Skútuvogi
Hagkaup Skeifunni
Bónus Skútuvogi
Bónus Holtagörðum
Kránan Borgartúni
Bakameistarinn Glæsibæ
Bakameistarinn Holtagörðum

105

World Class Laugum
Laugardalslaug
Nettó Nóatúni
Krambúðin Lönguhlið
Krambúðin Laugalæk
Bónus Skipholti
N1 Borgartúni
Bakameistarinn Suðurveri

107

N1 Ægisíðu
Melabúðin
Krambúðin Hjarðarhaga
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lágmúla
N1 Stóragerði
N1 Fossvogi
Krambúðin Grimsbæ
Múlakaffi
Bónus Skeifunni
Kránan Skeifunni

109

Ólís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut
Kránan Breiðholti
Bakameistarinn Mjódd

110

Árbæjarlaug
Ólís Norðlingaholti
N1 Ártúnshöfða
Múrbúðin Kletthálsi
Bónus Hraunbæ
Kránan Bildshöfða
Kránan Árbæ
Bakameistarinn í Húsgagnahöllinni

111

Breiðholtslaug
Iceland Vesturbergi
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll
Grafarvogslaug
Ólís Gullinbrú
N1 Gagnvegi
Bónus Spönginni
Bakameistarinn Spönginni

113

Kránan Grafarholti

116

Esjuskálinn

170

World Class Seltjarnarnesi
Sundlaugin Seltjarnarnesi
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs
N1 Stórahjalla
Iceland Engihjalla
Bónus Nýbýlavegi
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug
Smáralind
Hagkaup Smáralind
Nettó Salavegi
Bónus Smáratorgi
Kránan Lindum
Bakameistarinn Smáratorgi

203

World Class Ögurharfi
Nettó Búðakór
Bónus Ögurharfi
Kránan Vallakór

210

Ásgarðslaug
Ólís Hafnarfjarðarvegi
Hagkaup Litlatúni
Bónus Kaupþúni
Bónus Garðatorgi
Kránan Garðabæ

220

Ásvallalaug
Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug
Nettó Dalshrauni
N1 Lækjargötu
Húsasmiðjan Fjarðargötu
Fjörðurinn
Fjarðarkaup
Bónus Helluhrauni
Kránan Flatahrauni
Kránan Hvaleyrarbraut
Bakameistarinn Flatahrauni

221

Nettó Selhelli
Múrbúðin Selhelli
Iceland Staðarbergi
Bónus Tjarnarvöllum
Kránan Norðurhelli

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug
Lágafellslaug
Ólís Langatanga
Nettó Sunnukrika
N1 Háholti
Bónus Bjarkarholti
Kránan Mosfellsbæ

Sparaðu
tíma
og gerðu
einfaldari
innkaup á
netto.is



nettó



Opnaðu myndavélina í
snjalltækinu þínu og skannaðu
QR-kóðann.

*Yfir 250 dreifingarstaðir á landsvísi.

*Blaðinu er einnig dreift á dvalarheimili
og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar finnur þú á
www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing